

Skýrsla

**Siglingastofnunar um framkvæmd samgönguáætlunar 2009
Siglingamálaáætlun**



SIGLINGASTOFNUN

Janúar 2011

Efnisyfirlit

Skýrsla Siglingastofnunar um framkvæmd samgönguáætlunar 2009 (siglingamálaáætlun)	5
1.1 Fjármál.....	5
1.1.1. Tekjur og framlög	5
1.1.2. Viðskiptahreyfingar	6
1.1.3. Rekstur og þjónusta	6
Yfirstjórn	6
<i>Skipulag</i>	6
<i>Hafnaráð</i>	6
<i>Siglingaráð</i>	6
<i>Innra skipulag og starfshættir</i>	7
Árangursstjórnunarsamningur.....	7
Undirbúningur laga og reglugerða á sviði siglingamála	9
Alþjóðasamstarf	10
Upplýsingamiðlun	10
Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi	11
Skipaefirlit	11
Fjöldi skipa og báta	12
Áhafnamál og skírteini	12
Hafnarríkiseftirlit	12
Áætlun um öryggi sjófarenda.....	13
Hafnir, líkantilraunir og grunnkort.....	14
Rannsóknir og þróun	14
Rannsóknir sjóslysa.....	16
Minjavernd og saga	16
Siglingavernd (skipa-, hafna- og farmvernd)	16
Vaktstöð siglinga	17
1.1.4. Stofnkostnaður	17
Vitar og leiðsögukerfi.....	17
Hafnaframkvæmdir	18
Ríkisstyrktar hafnaframkvæmdir.....	18
Snæfellsbær	18
Grundarfjörður	18
Stykkishólmur	19
Reykholar.....	19
Vesturbyggð	19
Tálknafjörður	19
Bolungarvík	19
Ísafjarðarbær	20
Norðurfjörður	20
Drangsnes	20
Hvammstangi	20
Skagaströnd.....	20
Skagafjörður.....	20
Fjallabyggð	21
Dalvíkurbyggð.....	21
Hafnasamband Norðurlands.....	21
Norðurþing.....	21
Langanesbyggð	22
Vopnafjörður.....	22
Seyðisfjörður	23
Fjarðabyggð	23
Djúpivogur	23
Höfn í Hornafirði.....	23
Landeyjahöfn	23
Vestmannaeyjaferja	24
Vestmannaeyjar.....	24
Þorlákshöfn	24
Grindavík	24

Óstyrkhæfar hafnaframkvæmdir	25
Faxaflóahafnir	25
Fjarðabyggð	26
Ferjubryggjur	26
Sjóvargarðar	26
Framkvæmdir vegna tjónaviðgerða	28
Strandabyggð	29
Fjallabyggð	29
Dalvíkurbyggð.....	29
Sveitarfélagið Ölfus.....	30
Tölur	30
I. Kostnaður við hafnaframkvæmdir 2009	30
II. Verk sem lauk árið 2009 á meðalverðlagi ársins 2009	32
III. Kostnaður við sjóvarnir 2009	33
IV. Staða ríkissjóðs vegna hafnagerðar 2009	34
V. Fjárveitingar til hafnaframkvæmda 2009	34
VI. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 2009	35
VII. Fjárveitingar til sjóvarna 2009	35
VIII. Sjóvarnir sem lokið var við árið 2009	36

Skýrsla

Siglingastofnunar um framkvæmd samgönguáætlunar 2009

Siglingamálaáætlun

Með lögum nr. 33/2008, er mælt fyrir um samræmda áætlanagerð við framkvæmd og rekstur í samgöngumálum.

Annars vegar er gert ráð fyrir áætlun til 12 ára þar sem mörkuð skal stefna fyrir allar greinar samgangna. Áætlunina skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Árið 2007 var síðast lögð fram á Alþingi slík áætlun fyrir árin 2007–2018 en hún var ekki samþykkt.

Hins vegar kveða löginn á um að 12 ára áætlunin sé nánar sundurliðuð í fjögurra ára tímabil með áætlun fyrir hvert ár þar sem fram komi ábyrgð og fjárheimildir stofnana samgöngumála sundurliðuðar eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi, eftir því sem við á, með sama hætti og fjárlögin. Þessa áætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Árið 2009 gekk í gildi ný fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012. Í lögnum er gert ráð fyrir að árlega sé lögð fram á Alþingi skýrsla um framkvæmd þessarar áætlunar næstliðið ár. Því er greinargerð þessi tekin saman.

1.1 Fjármál.

1.1.1 Tekjur og framlög

Í eftirfarandi töflu er að finna samanburð á tölum úr samgönguáætlun 2007–2010, tölum úr fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2009 og tölum úr reikningum Siglingastofnunar Íslands fyrir árið 2009. Fjárhæðir eru í millj. kr.

	Samgönguáætlun 2009	Fjárheimildir 2009	Rauntölur 2009
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur			
Vitagjald	145,0	145,0	151,8
Markaðar tekjur alls	145,0	145,0	151,8
Framlag úr ríkissjóði			
Aðrar ríkistekjur:			
Vottorð	2,3	1,3	2,4
Skoðunargjöld skipa	1,3	1,3	1,7
Prófagjöld	1,0	1,0	1,0
Aðrar ríkistekjur alls:	3,6	3,6	4,1
Sértekjur	202,5	202,5	350,9
Til ráðstöfunar alls	351,1	351,1	506,8
Rekstrargjöld:			
Hafnamál	31,0	20,6	14,9
Hafnir, líkantilraunir, grunnkort	46,4	57,6	37,4
Rekstur Hafnabótasjóðs	13,5	13,5	2,2 ²⁾
Siglingavernd	17,0	17,2	14,4
Skipamál	70,0	70,5	72,3
Vitar- og leiðsögukerfi	145,0	146,3	152,5
Vaktstöð siglinga	321,2	476,8 ¹⁾	470,5
Skipaæftirlit	102,0	102,7	107,9
Hafnarríkiseftirlit	27,0	27,2	33,5
Rannsóknir og þróun	54,0	54,2	54,4
Áætlun um öryggi sjófarenda	20,0	20,0	24,0
Minjavernd og saga	2,0	2,0	10,2
Þjónustuverkefni	206,1	206,1	355,0
Mlf. á Vaktstöð siglinga		-155,6 ¹⁾	
Rekstrargjöld alls:	1.055,2	1.059,1	1.349,2

Stofnkostnaður:

Vitar og leiðsögukerfi	32,0	32,0	28,0
Hafnamannvirki	382,6	122,6	405,5
Landeyjahöfn	770,1	1.030,1	1.557,2
Stækkun tollaðstöðu Seyðisfirði	10,0	10,0	15,1
Lendingarbætur	7,5	7,5	11,5
Ferjubryggjur	12,3	12,3	14,4
Vestmannaeyjaferja			5,9
Sjóvarnargarðar	63,6	63,6	192,7
Stofnkostnaður alls:	1.278,1	1.278,1	2.230,3
Gjöld alls	2.333,3	2.337,2	3.579,5

¹⁾ Fjárheimild Vaktstöðvar siglinga var hækkuð um 155,6 millj. kr. skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins og samgöngu- og sveitastjórnaráðuneytisins og heimilað að taka af ónýttum fjárheimildum Siglingastofnunar frá fyrri árum til að standa undir skuldbindingum við Vaktstöð siglinga vegna endurnýjunar fjarskiptabúnaðar.

²⁾ Rekstur hafnabótasjóðs er kostnaður vegna umsjónar með sjóðnum. Gjaldfærsla í ársreikningi er hærrí, þar sem styrkveitingar til hafnarsjóða eru gjaldfærðar, en sjóðurinn fær ekki fjárveitingu úr ríkissjóði heldur er honum gert að ganga á eigið fé.

1.1.2. Viðskiptahreyfingar.

Sjá neðanmálgrein 2 í töflu að ofan.

1.1.3 Rekstur og þjónusta.**Yfirstjórn.***Skipulag.*

Um stjórn, starfshætti og hlutverk Siglingastofnunar Íslands er fjallað í lögum nr. 6/1996. Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að vinna að hagsbótum fyrir sjófarendur og að skapa hagkvæmar og öruggar aðstæður til siglinga og fiskveiða við landið. Um skipan og verkefni hafna- og siglingaráðs er fjallað í 4. og 5. gr. laganna annars vegar og 6. og 7. gr. hins vegar.

Hafnaráð

Hafnaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í hafna- og sjóvarnamálum.

Hafnaráð fjallar um breytingar á lögum og reglum sem varða hafnamál, framkvæmda-áætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Eftir að ný ríkisstjórn tók við í júní 2009 sátu í hafnaráði:

<i>Nafn</i>	<i>Tilnefning</i>
Smári Geirsson, formaður	skipaður án tilnefningar.
Ólafur H. Kárason	skipaður án tilnefningar.
Jóna Benediktsdóttir	skipuð án tilnefningar.
Már Sveinbjörnsson	skipaður skv. tilnefningu Hafnasambands sveitarfélaga.
Ólafur M. Kristinsson	skipaður skv. tilnefningu Hafnasambands sveitarfélaga.
Friðrik J. Arngrímsson	skipaður skv. tilnefningu Samtaka atvinnulífsins.

Siglingaráð.

Siglingaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í siglinga- og vitamálum. Siglingaráð fjallar um breytingar á lögum og reglugerðum sem varða siglinga- og vitamál. Eftir að ný ríkisstjórn tók við í júní 2009 sátu eftirtaldir fulltrúar í siglingaráði:

Nafn

Björn Valur Gíslason, formaður
Hafþór Rósmundsson
Kolbrún Sverrisdóttir
Guðjón Ármann Einarsson
Bryndís Skúladóttir
Guðfinnur G. Johnsen
Konný Breiðfjörð
Signý Sigurðardóttir
Sævar Gunnarsson
Hilmar Snorrason
Anna K. Kristjánsdóttir
Kristín B. Pálsdóttir

Tilnefning

skipaður án tilnefningar.
skipaður án tilnefningar.
skipuð án tilnefningar.
tilnefndur af FFSÍ.
tilnefnd af Málmi.
tilnefndur af LÍÚ.
tilnefnd af Landssambandi smábátæigenda
tilnefnd af SVÞ.
tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
tilnefndur af Slysavarnarfélaginu Landsbjörg.
tilnefnd af Vélstjórafélagi Íslands.
tilnefnd af Samtökum skemmtibátæigenda.

Innra skipulag og starfshættir.

Fastráðnir starfsmenn stofnunarinnar í árslok 2009 voru 66 auk þess sem allnokkur fjöldi lítur til með vitum í hlutastarfi og sumarfólk var ráðið til viðhalds á vitum landsins. Alls voru störfín 80,4 í ársverkum talið.

Árangursstjórnunarsamningur.

Árangursstjórnunarsamningur Siglingastofnunar Íslands og samgönguráðuneytisins er frá árinu 2005 og gildir til ársloka 2009.

Á árinu 2009 lét aðeins einn maður lífið í sjóslysi á íslenskum skipum. Vegna náinna tengsla við hafið og mikilvægis sjósóknar frá upphafi, má þakka þennan árangur aukinni fræðslu sjómanna á undanförunum árum og betri öryggis- og björgunarbúnaði í skipum.


Á síðustu öld fórust í sjóslysum og drukknuðu í sjó, ám og vötnum yfir 4.000 manns samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Á síðari hluta aldarinnar fór banaslysum á sjó mjög fækkandi og sú þróun hefur haldið áfram það sem af er þessari öld.

Skýringar á þessum árangri eru margvíslegar. Skipakostur hefur batnað, öryggiskröfur sem gerðar eru til skipa hafa aukist en einnig hefur sjómönnum fækkað frá seinni hluta síðustu aldar. Undanfarin ár hefur vitund um mikilvægi fræðslu fyrir sjómenn um slysavarnir eflst en það er ekki síst breyttu hugarfari sjómanna sem ber að þakka þessa ánægjulegu þróun.

Í gildandi árangursstjórnunarsamningi setur samgönguráðuneytið stofnuninni þessi meginmarkmið:

Aukið öryggi og hagkvæmni í siglingum.

Stefnt verður að því að dauðaslysum á sjó fækki enn frekar.




Staða: Árið 2009 varð eitt dauðaslys á sjó - markmiðinu náð.

Í athugasemdum við tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012 í kafla um áætlun um öryggi sjófarenda á bls. 47–50 er á mynd 2 að finna yfirlit um dauðaslys á sjó tekin saman í þriggja ára tímabil fyrir árin 1964 til 2009 ásamt fjölda slysa miðað við 10 þús. sjómenn. Þar kemur fram að dauðaslys á sjó urðu 2,33 að meðaltali á tímabilinu 2007-2009.

Í kaflanum um mælanleg undirmarkmið er að finna markmið 1, um dauðaslys á sjó, markmið 2, um skipskaða og markmið 3, um fækkun alvarlegra slysa á sjómönnum. Stefnt er að því að slysum fækki á tímabilinu 2009-2012.


Allur samanburður við aðrar þjóðir er erfiður. Ef miðað er við sama fjölda sjómanna á Íslandi, í Danmörku og í Noregi fyrir árin 1998–2007 þá voru dauðaslys hér á landi 2,0, í Danmörku 5,8 og Noregi 4,3.

Stefnt verður að því að skipsköðum fækki enn frekar.



Staða: Samkvæmt skýrslum rannsóknarnefndar sjóslysa fer skipsköðum fækkandi.

Stefnt verður að fækkun alvarlegra slysa hjá sjómönnum og að þau verði færri með hverju ári.



Staða: Á heimasíðu Siglingastofnunar (www.sigling.is) má finna afgreiðslu Siglingastofnunar á tillögum rannsóknarnefndar sjóslysa í öryggisátt.

Breyting hefur orðið á tilkynningum um slys um borð í fiskiskipum. Sjómenn sem hafa slasast geta skráð slysið hjá tryggingafélagi en ekki einungis hjá Tryggingastofnun ríkisins. Það er verkefni Slysaskrár Íslands að taka saman þessar skráningar. Þessu framtaki ber að fagna því nauðsynlegt er að upplýsingar um slys á sjó verði að finna á einum stað. Árið 2009 er skráð 61 sjóslys sem er 0,1% allra slysa skv. skráningu Slysaskrár Íslands.

Til að fyrirbyggja slys um borð í skipum er nauðsynlegt að í hverju skipi verði komið á kerfi sem heldur utan um slysaskráningu og eftirfylgni. Siglingastofnun hefur í samstarfi við verkefnisstjórn áætlunar um öryggi sjófarenda hafið verkefni um öryggisstjórnun um borð í fiskiskipum. Fyrsta stig þessa verkefnis er öryggishandbók fyrir fiskiskip þar sem leitast verður við að yfirfæra ISM kóðann (*International Safety Management Code*) yfir á fiskiskip. Öryggisstjórnun um borð í fiskiskipum er eitt helsta verkefnið í öryggisátt eins og fram kemur í athugasemdum við tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2009–2012.

Undirbúningur laga og reglugerða á sviði siglingamála.

Á Siglingastofnun er unnið að gerð og breytingum ýmissa reglugerða á sviði siglingamála. Hér á eftir er listi yfir reglugerðir og gjaldskrár sem settar voru um siglingamál á árinu 2009.

Lög:

LÖG um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 155/2009.

LÖG um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum, nr. 154/2009.

LÖG um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999, nr. 144/2009.

Reglugerðir:

Augl. um br. á augl. nr. 668/2009 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, **skipstjórnarnám**, 853/2009.

Rg. um br. á rg. um **öryggisstjórnun skipa**, 337/2009, 738/2009.

Rg. um **sveinspróf**, 698/2009.

Augl. um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, **skipstjórnarnám**, 668/2009.

Rg. um **nefnd Evrópusambandsins um öryggi á höfunum** og varnir gegn mengun frá skipum, 652/2009.

Rg. um br. á rg. nr. 672/2006 um **vaktstöð siglinga** og eftirlit með umferð skipa, 565/2009.

Rg. um br. á rg. nr. 524/2008 um **afmörkun siglingaleiða**, svæði sem ber að forðast og tilkynningaskyldu skipa fyrir Suðvesturlandi, 361/2009.

Rg. um br. á rg. um **lögskráningu sjómanna**, nr. 880/2001 með síðari breytingum, 338/2009.

Rg. um **öryggisstjórnun skipa**, 337/2009.

Rg. um br. á rg. um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd, nr. 122/2004, með síðari breytingum, 125/2009.

Rg. um br. á rg. um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa, nr. 53/2000, með síðari breytingum, 124/2009.

Hafnarreglugerðir:

Hafnarreglugerð fyrir Fjallabyggðarhafnir, 512/2009.

Hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðabyggðar, 978/2009.

Hafnarreglugerð fyrir Faxaflóahafnir sf, 798/2009.

Alþjóðasamstarf.

Siglingastofnun tekur þátt í viðtæku alþjóðasamstarfi, m.a. á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit (Paris MOU), Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA), Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Evrópusambandsins (ESB), sérfræðinganevndar ESB og EES um öryggismál á sjó (COSS), Norðurlandasamstarfs, alþjóðasamtaka í hafnamálum (PIANC), alþjóðasamtaka vitastofnana (IALA) og víðar. Á heimasíðu Siglingastofnunar má nálgast upplýsingar um þetta alþjóðasamstarf og greinargerðir frá fundum sem starfsmenn stofnunarinnar hafa sótt.

Um annað alþjóðasamstarf vísast til kaflanna um hafnarríkiseftirlit og siglingavernd.

Upplýsingamiðlun.

Siglingastofnun Íslands leggur áherslu á markvissa miðlun upplýsinga og greiðan aðgang að gagnasöfnum stofnunarinnar. Því hefur stofnunin sett sér upplýsingastefnu og verklagsreglur þar sem lagðar eru meginlínur um söfnun og miðlun hvers kyns efnis er varðar rekstur hennar.

Vefur stofnunarinnar, www.sigling.is, og fréttabréfið *Til sjávar*, mynda kjarnann í upplýsingastarfseminni. Tvö tölublöð fréttabréfsins komu út árið 2009. Því er dreift án endurgjalds til allra skráðra skipa og báta, útgerða, hafna, sveitarfélaga, alþingismanna og margra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Í blaðinu eru greinar og fréttir um hið helsta sem gerst hefur á vettvangi stofnunarinnar. Unnt er að lesa fréttabréfið á heimasíðu stofnunarinnar.

Heimasíða Siglingastofnunar, sem var endurnýjuð á árinu, er mikill frétt- og upplýsingabanki auk þess að vera samskiptavettvangur stofnunarinnar og viðskiptavina hennar. Þar má meðal annars finna laga- og reglugerðaskrá, skrár um útgefið efni, gjaldskrár, rafræn eyðublöð og upplýsingar um veður og sjólag.

Upplýsingakerfið um veður og sjólag byggist á afar víðfeðmu gagnasafni sem þróast hefur og eflst undanfarin ár. Söfnun sértækra upplýsinga með öldudufllum og tenging þeirra við veðurfræðileg gögn frá Veðurstofu Íslands ásamt áralöngum athugunum á sambandi vinda og sjávarfalla, hafa gert stofnuninni kleift að byggja upp þetta safn sem síðan nýtist til að veita fiskimönnum og öðrum sæfarendum við Íslandsstrendur rauntímaupplýsingar um veðurfar og sjólag. Sú vitneskja sem veðurkerfið veitir kemur einnig að góðum notum við hönnun hafnarmannvirkja, ákvörðun siglingaleiða og skyldra atriða.

Siglingastofnun heldur rafræna skrá yfir sérhvert fljótandi far sem er yfir 6 metrar á lengd, mælt stafna á milli. Skráin hefur að geyma margvíslegar upplýsingar um flota landsmanna og nýtist í margs konar tilgangi svo sem við eftirlit með öryggi skipa, sem eigenda-skrá, við úthlutun fiskveiðiheimilda o.fl. Skrána er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Af öðrum gagnasöfnum má nefna afar ítarlegt og margþætt safn teikninga, mælingakorta og annarra grunnagna sem til hafa orðið vegna starfsemi stofnunarinnar við hönnun, ráðgjöf og eftirlit með hafnarmannvirkjum. Sama á við um skip og báta. Hér er um merkileg söfn að ræða, af fleiri en einni ástæðu, sem sótt er í af hafnarstjórnnum, skipaeigendum, sagnfræðingum o.fl.

Loks skal getið bókasafns stofnunarinnar, en þar er skipulega safnað ritum sem gagnast stofnuninni. Safnið er skráð í Gegni, Landskerfi bókasafna, og er þannig aðgengilegt öllum

þeim er leita vilja tiltekinna fræðirit, auk þess sem starfsmenn geta með nútímalegum hætti kannað hvað er að finna í öðrum sérsöfnum og fengið lánaðar bækur þaðan. Einnig stendur starfsmönnum til boða að notfæra sér þjónustu hvar.is á vefnum þar sem gert er aðgengilegt mikið safn tímarita, heimilda- og gangasafna frá stærstu tímarita- og gagnasafnsútgefendum í heiminum. Ísland eitt landa gefur öllum íbúum sínum kost á þessari þjónustu án endurgjalds fyrir notendur.

Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi.

Hefðbundið viðfangsefni rekstrarsviðs Siglingastofnunar er rekstur landsvitakerfisins en einnig tæknileg aðstoð við uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Stofnunin rekur einnig leiðsögu-, upplýsinga- og eftirlitskerfi fyrir siglingar svo sem upplýsingakerfi um veður og sjólag, GPS leiðréttingakerfi (DGPS) og sjálfvirkt auðkennikerfi skipa, AIS.

Sjálfvirku auðkennikerfi skipa (AIS - *Automatic Identification System*) var komið á samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/59 sem lögin um Vaktstöð siglinga byggjast á. AIS-kerfið er hluti af rafrænu tilkynningakerfi um siglingar skipa sem aðildarríki Evrópusambandsins, auk Noregs og Íslands, eru aðilar að. Kerfi þetta nefnist *SafeSeaNet*. Á árinu var unnið að þéttingu AIS-kerfisins og settar upp sjö stöðvar til viðbótar þeim sem fyrir voru. Alls voru því 30 landstöðvar komnar upp í árslok 2009. Eftir er að þetta kerfið inn til landsins til að lagfæra stakar eyður í því. Langdrægi stöðvanna er allt að 70 sjómílum (130 km).

Siglingastofnun fær til ráðstöfunar vitagjald, sérstakan skatt sem samkvæmt vitalögum er lagður á íslensk og erlend skip sem taka íslenska höfn. Vitagjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði við rekstur Siglingastofnunar. Upphæð gjaldsins tekur mið af brúttótonnatölu skipsins. Af þessu fé er einnig kostaður rekstur upplýsingakerfisins um veður og sjólag.

Viðhald og eftirlit Siglingastofnunar með vitum landsins skiptist í stórum dráttum í eftirlit með rafbúnaði annars vegar og hins vegar viðhald á vitabyggingum.

Á árinu 2009 var viðhald og eftirlit með vitum og leiðsögubúnaði með hefðbundnum hætti. Starfsmenn Siglingastofnunar sinntu almennu viðhaldi á 9 vitabyggingum og fóru í 93 vita til eftirlits, viðhalds og endurnýjunar á ljós- og rafbúnaði.

Upplýsingakerfi Siglingastofnunar um veður og sjólag var rekið á svipaðan hátt og undanfarin ár. Kerfið gefur sjófarendum kost á upplýsingum um veður og sjólag umhverfis landið sem eru uppfærðar á klukkustundar fresti. Upplýsingarnar er hægt að nálgast á vef stofnunarinnar og í símsvara en einnig má nálgast upplýsingar frá öldudufnum á textavarp. Nú eru alls 10 ölduduf í rekstri með ströndum fram.

Skipaeftirlit.

Siglingastofnun ber stjórnvaldslega ábyrgð á framkvæmd skipaeftirlits en tæknilegt eftirlit er í höndum faggiltra skoðunarstofa skipa. Í árslok 2009 voru þrjár skoðunarstofur skipa starfandi.

Siglingastofnun sinnir eftirliti með óflokkuðum skipum sem skoðunarstofum er óheimilt að skoða, framkvæmir upphafsskoðun á nýsmíði, breytingum og innflutningi á skipum, sinnir markaðseftirliti með skemmtibátum og skipsbúnaði, sér um útgáfu skipsskírteina og útgáfu og uppfærslu á skoðunarhandbókum sem skoðunarstofur nota við vinnu sína. Jafnframt sér Siglingastofnun um yfirferð og samþykkt á teikningum og öðrum gögnum vegna nýsmíði og breytinga skipa, þ.m.t. yfirferð stöðugleikagagna og skipamælinga. Siglingastofnun hefur eftirlit með starfsemi faggiltra skoðunarstofa, viðurkenndra flokkunarfélaga og annarra starfsleyfishafa og framkvæmir skyndiskoðanir í skipum sem skoðunarstofur og flokkunarfélög hafa skoðað.

Skoðunaraðilar

Skoðunaraðili	2005	2006	2007	2008	2009
Skoðunarstofur	2.165	2.160	2.135	2155	2068
Siglingastofnun Íslands	31	32	38	31	39
Bureau Veritas (BV)	8	8	6	7	9
Germanischer Lloyd (GL)	6	6	7	6	6
Lloyd's Register of Shipping (LR)	53	49	47	48	46
Det Norske Veritas (NV)	81	76	76	76	68
Samtals	2.344	2.311	2.309	2.323	2.236

Fjöldi skipa og báta.

Skipum á íslenskri aðalskipaskrá hefur fækkað um 31 frá árinu 2008. Á árinu 2009 voru frumskráð og endurskráð 38 skip, en afskráð skip voru 69. Af afskráðum skipum var 31 skip selt úr landi.

Þann 1. janúar 2010 voru samtals 1.056 þilfarsskip á skrá og brúttótonnatala þeirra var 209.085 tonn. Opnir bátar voru samtals 1.181 og brúttótonnatala þeirra var 7.115 tonn. Heildar brúttótonnatala skipastólsins hefur því aukist um 7.436 tonn.

Á þurrleiguskrá er eitt skip, Kristina EA-410, 7.682 brúttótonn, sem er flaggað út til Belize.

Hér gefur að líta töflu yfir þróun skipastólsins undanfarin ár:

Tafla um fjölda skráðra skipa og heildarstærð skipastólsins 1. janúar 2003-2010:

Fjöldi og stærð skipa 1. janúar hvers árs	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Þilfarsskip	1.135	1.128	1.135	1.128	1.128	1.123	1.072	1.056
Brúttótonn	235.776	226.081	230.881	219.934	219.180	218.129	201.641	209.085
Opnir bátar	1.273	1.237	1.209	1.183	1.181	1.200	1.196	1.181
Brúttótonn	7.473	7.322	7.199	7.020	7.014	7.106	7.123	7.115
Heildarfjöldi	2.408	2.365	2.344	2.311	2.309	2.323	2.268	2.237
Heildarbrúttótonnatala	243.249	233.403	238.081	226.954	226.194	225.235	208.764	216.200

Áhafnamál og skírteini.

Af öðrum verkefnum á sviði skipamála má nefna útgáfu alþjóðlegra atvinnuskírteina (STCW), þjónustu við mönnunarnefnd fiskiskipa og undanþágunefnd sjómanna og undirbúning og kynningu á laga- og reglugerðasetningu. Um alþjóðasamstarf á sviði siglingamála vísast í kaflann um alþjóðasamstarf.

Á árinu 2009 voru gefin út alþjóðleg atvinnuskírteini (STCW) fyrir 175 einstaklinga, 17 skírteini fyrir atvinnukafara, 11 hafnsögumannsskírteini og eitt skírteini fyrir leiðsögumann skipa. Siglingastofnun gaf einnig út um 80 starfsleyfi til farþegaflutninga, 5 starfsleyfi fyrir bátaleigur og þrjú leyfi til að stunda flúðasiglingar.

Frá og með 1. janúar 2008 tók Siglingastofnun við útgáfu allra íslenskra atvinnuskírteina fyrir skipstjórnar- og vélstjórnarmenn, en fram til þess tíma var það á hendi sýslumanna og Tollstjórans í Reykjavík að gefa út slík skírteini. Á árinu 2008 voru gefin út 1300 slík atvinnuskírteini og 1230 árið 2009. Frá og með 1. janúar 2008 urðu skipstjórar á skemmtibátum að vera handhafar sérstaks skipstjórnarskírteinis og voru 100 slík skírteini gefin út af Siglingastofnun árið 2008 og 176 skírteini árið 2009. Útgáfa alþjóðlegra STCW skírteina fer fram skv. gæðastaðli 9001 og er vottuð af Vottun hf. Vottun á annarri skírteinaútgáfu er á undirbúningsstigi.

Hafnarrikiseftirlit.

Í samræmi við ákvæði Parísarsamkomulagsins (*Paris MOU*) um hafnarrikiseftirlit og ákvæði í ýmsum öðrum alþjóðasamþykktum, sem Ísland á aðild að, var að venju haft eftirlit með erlendum flutninga- og farþegaskipum sem komu til landsins.

Markmiðið með eftirlitinu er að draga úr siglingum svokallaðra undirmálsskipa og hefur þeim fækkað til muna eftir að farið var að banna skipum að koma til hafnar í aðildarríkjum Parísarsamkomulagsins hafi þau ítrekað verið stöðvuð við fyrri skoðanir.

Í maí 2009 var aðalfundur Parísarsamkomulagsins haldinn á Íslandi. Á fundinum var Ísland kjörið í stjórn samkomulagsins í fyrsta sinn. Í stjórninni sitja tvær þjóðir Evrópusambandsins og tvær þjóðir utan þess, einnig sitja í stjórn fulltrúar frá EMSA og aðalskrifstofu Evrópusambandsins í Brussel.

Á árinu 2009 var farin ein skoðunarherferð á vegum hafnarríkiseftirlitsins vegna öryggis í siglingum (*safety of navigation*). Skoðaður var losunarbúnaður björgunarbáta. Herferðin stóð frá 1 september til 30 nóvember. Þessi skoðunarherferð var gerð í samvinnu við Tokyo MOU.

Tilkynnt var um komur 357 einstakra erlendra skipa til Íslands, sem er fækkun um 31 skip frá árinu 2008. Mörg þessara skipa komu oftast en einu sinni til landsins. Af þessum skipum voru 92 skoðuð eða um 25,7% af þeim erlendu skipum sem komu til landsins. Skipin 92 sem voru skoðuð komu frá 23 þjóðlöndum. Flest voru skipin frá Panama eða 12 og næstflest frá Bahamaeyjum eða 11.

Farbann var lagt á tvö skip, 91 athugasemd var gerð og teknar út 186 athugasemdir sem gerðar voru af öðrum aðildarríkjum Parísarsamkomulagsins.

Áætlun um öryggi sjófarenda.

Markmið áætlunar um öryggi sjófarenda er meðal annars að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Helstu verkefni áætlunar um öryggi sjófarenda eru menntun og þjálfun sjómanna, fræðsluefni og miðlun upplýsinga, öryggisstjórnun um borð í skipum og rannsókn- og þróunarverkefni.

Siglingastofnun annast framkvæmd áætlunarinnar í samstarfi við verkefnisstjórn en í henni eiga sæti fulltrúar stéttarfélagasjómannanna, samtaka útgerða, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Landhelgisgæslu og samgönguráðuneytis.

Í lok ársins kom út mynddiskurinn „Öryggi sjómanna – 4“ en hann fjallar um notkun á neyðaröndunartækjum þegar eldur kemur upp í skipum. Einnig fylgdi á mynddisknum efni sem áður hafði verið gefið út en það efni er tengt öryggisfræðslu í skipum sem og hættulegum efnum, eldvörnum og slökkvistörfum um borð. Unnið var við að ljúka þýðingu bókar um eldvarnir í skipum og að búa þýðinguna til prentunar. Ritun Sjómannabókar, sem er hugsuð sem handbók fyrir áhafnir fiskiskipa, komst á lokastig og samið var um gerð skýringateikninga sem auðvelda eiga skilning á því efni sem handbókin fjallar um. Drög að texta handbókar um léttbáta var lögð fram í lok ársins. Hafist var handa við ritun bókar um veðurfræði fyrir sjómenn.

Sett var af stað verkefnaferli sem tengist innleiðingu öryggisstjórnunarkerfis um borð í fiskiskipum. Skoðað hefur verið hvernig nýta mætti ISM kóðann sem undirstöðu fyrir öryggisstjórnunarkerfi um borð í stóru fiskiskipi. Hér hefur verið ákveðið að fara í samstarf við útgerðarfélagið HB Granda.

Hafin var vinna við rannsóknarverkefni um slysaskráningu sjómanna. Samstarfsaðilar Siglingastofnunar í þessu rannsóknarverkefni eru Háskóli Íslands, háskólasjúkrahúsin og aðilar sem tengjast málinu beint eins og Rannsóknarnefnd sjóslysa, Slysaskrá Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og aðilar úr verkefnisstjórn áætlunarinnar.

Áætlunin tók þátt í að styrkja sjómannablöð víða um land með því að auglýsa verkefni áætlunarinnar í þeim blöðum.

Dauðaslys á fiskiskipum 1998–2009.

Skipstærð / ár	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Skip <12 m	1	2	1				1			3		1
Skip 12-24 m				3	2							
Skip >24 m				4			1	1	2	1		
Samtals	1	2	1	7	2	1 ¹	2	1	2	4	0	1

¹ Skipverji druknaði á óskráðum þangskurðarpramma.

Fiskiskip sem fórust 1998–2009.

Skipstærð / ár	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Skip <12 m	3	3	8			4	3	3			1	
Skip 12-24 m			1	1	3		4	1	1			
Skip >24 m			1	2	1	3	1					
Samtals	3	3	10	3	4	7	8	4	1		1	0

Tilkynnt slys til Tryggingastofnunar 1998–2009.

Ár	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi	378	381	361	348	413	379	309	366	266	423	290	238

Heildarkostnaður vegna áætlunar um öryggi sjófarenda árið 2009 var 24 millj. kr.

Hafnir, líkantilaunir og grunnkort.

Á vegum Siglingastofnunar er á hverju ári unnið að rannsóknum á öldufari og jarðvegsrannsóknum í höfnum, gerð líkantilauna og grunnkorta af höfnum, ásamt rannsóknum sem tengjast sjóvörnum.

Á árinu 2009 var unnið við tvö líkön í líkanstöð Siglingastofnunar. Lokið var líkantilaunum á stóriðjuhöfn við Húsavík fyrir um 65.000 tonna búlkaskip svokallað Panamax skip, um 250 m löngu sem ristir um 13 m. Tillögurnar gera ráð fyrir um 700 m löngum brimvarnargarði norðan núverandi hafnar, um ein milljón m³ að rúmmáli. Gert er ráð fyrir um 22 m löngum viðlegukanti innan á brimvarnargarðinum.

Á miðju ári var byggt líkan til að kanna möguleika á stórskipahöfn norðan á Eiðinu í Vestmannaeyjum, þar sem gert var ráð fyrir uppskipunar- og útskipunarkanti fyrir allt að 200 m löng gámaflutningaskip með um 10 m djúpristu. Tilaunirnar náðu fram á árið 2010.

Grunnkort hafna voru uppfærð, sett í samræmt hnitakerfi, ISN-93, nýjustu dýptarmælingar settar saman og ný hafnarmannvirki færð inn á grunna.

Hafnasvið fær til umsagnar frá Skipulagsstofnun, sveitarfélögum og aðilum á þeirra vegum ýmis skipulagsmál á hafnarsvæðum og vegna byggðar á strandsvæðum.

Unnið var að rannsóknum á brimvarnargörðum í íslensku og erlendu samstarfi, m.a. með þátttöku í alþjóðlegum vinnuhópi á vegum PIANC sem hefur það að markmiði að bera saman kostnað við mismunandi gerðir brimvarnargarða og finna hagkvæmstu áhættu við ákvörðun á hönnunarálagi.

Á árinu var birt grein á alþjóðlegu strandverkfræðiráðstefnunni *Coasts, Marine Structures and Breakwaters 2009*, um brimvarnargarð sem Siglingastofnun var að vinna að í Vestur-Ástralíu „*Development of an Icelandic-type berm breakwater for the Oakajee port project in Western Australia*”.

Rannsóknir og þróun.

Heildarkostnaður rannsóknar- og þróunarsviðs Siglingastofnunar Íslands var 78,4 millj. kr. árið 2009 og þar af um 24,0 millj. kr. í áætlun um öryggi sjófarenda. Með rannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Í hafna- og strandrannsóknum var unnið áfram að rannsóknum á öldufari og efnisburði við Bakkafjöru. Unnið var að öldufarsrannsóknum við Vík í Mýrdal og Breiðamerklón vegna strandrofs og hugsanlegrar nýrrar innsiglingar um Hornafjarðarós. Hafin var vinna við öldurannsóknir í Eyjafirði. Kennsla í strand- og hafnarverkfræði á meistarastigi við Háskóla Íslands var á vegum Siglingastofnunar. Heildarkostnaður vegna hafna- og strandrannsóknar árið 2009 var 8 millj. kr.

Umhverfisrannsóknir fólust meðal annars í þróun upplýsingakerfisins um veður og sjólag og hafin var þróun spálíkans fyrir sjávarflóð í Faxaflóa.

Siglingastofnun hefur tekið þátt í starfi vinnuhóps Norðurskautsráðsins við áhættumat siglinga á norðurslóðum, AMSA (*Arctic Marine Shipping Assessment*) sem er á vegum starfshóps ráðsins um verndun hafsvæða norðursins, PAME (*Protection of the Arctic Marine Environment*) þar sem Siglingastofnun er einnig þátttakandi. Á árinu var gefin út skýrslan „*Arctic Marine Shipping Assessment 2009*“ með þátttöku Siglingastofnunar.

Á Siglingastofnun var unnið að skýrslunni, „*Northern Sea Route 2009*“ í samvinnu við PWC í Belgíu, Fjarfestingafélagið og stærri hafnir á Íslandi. Þar er horft til hagkvæmrar legu Íslands sem gæti gert fýsilegt að umskipa og dreifa vöru til Asíu, Evrópu og Bandaríkjanna með samhæfðu siglingakerfi hefðbundinna og ísstyrktra skipa.

Unnið er að rannsóknarverkefni sem ber heitið „*North Atlantic Container Service*“ ásamt Eimskip, ALCOA Fjarðaál á Íslandi og aðilum í Noregi og Svíþjóð á vegum Norrænu Atlantshafsnefndarinnar (*NORA*) sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamvinnu.

Kannaðir eru möguleikar á siglingu gámaskipa frá Mosjøen í Noregi til Reyðarfjarðar og þaðan til Reykjavíkur en við það myndi opnast ný siglingaleið frá Noregi til Íslands og þaðan til Bandaríkjanna.

Á alþjóðþingi um öryggi í sjávarútvegi „*IFISH4*“ sem haldið var á Íslandi í maí 2009, voru flutt erindi á vegum Siglingastofnunar um veður og sjólag og öryggismál sjófarenda.

Í tengslum við alþjóðlegu sjávarútvegssýninguna í Vigo á Spáni í september 2009 var haldin ráðstefna um öryggismál á fiskiskipum. Gísla Viggóssyni var boðið að halda fyrirlestur á þessari ráðstefnu en hann fjallaði um „*Icelandic Information System on Weather and Sea State related to Fishing Vessels' Crews and Stability*“.

Haldið var áfram þátttöku í MARTEC (*Maritime Technologies*), verkefni Evrópusambandsins þar sem fulltrúar Siglingastofnunar sóttu fundi um rannsóknir sem snúa að öryggi skipa og öryggi í siglingum.

Haldið var áfram að mæla sjávarföll á landgrunninu í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina, verkfræðistofuna Verkís og háskóla til að kvarða betur sjávarfallalíkan Siglingastofnunar. Lokið var við gerð reklíkans fyrir olíu og báta. Heildarkostnaður við umhverfisrannsóknir árið 2009 var 21,6 millj. kr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa sendir Siglingastofnun tillögur í öryggisátt sem stofnunin vinnur úr og afgreiðir á lögbundinn hátt.

Lokið var við rannsóknir á hávaða um borð í skipum. Niðurstöður rannsóknarverkefnisins verða gefnar út þegar úrvinnslu lýkur.

Verkefni um rannsóknir á sjóveiki um borð á Herjólfu á leiðinni Vestmannaeyjar – Þorlákshöfn var haldið áfram sem og á línubátum Sturlunni frá Grindavík. Í báðum þessum skipum er búnaður sem mælir hreyfingar og hröðun skipanna. Samstarfsaðili Siglingastofnunar í þessu verkefni er Læknadeild Háskóla Íslands.

Rannsóknarverkefni um loftgæði um borð í skipum tengist mælingum í vélarúmi skipa og þá sérstaklega á magni smurolúpöku í vélarúminu. Gerðar voru mælingar í skipum sem höfðu hreinsibúnað sem Siglingastofnun hefur átt þátt í að þróa sem og skipum sem hafa engan hreinsibúnað.

Unnið var áfram að greiningu verkefnanna um ofhleðslu smábáta og loftflæði til aðalvéla.

Haldið var áfram með verkefnið um umhverfisvæna orkugjafa þar sem aðallega var skoðuð ræktun á vetrarrepju hér á landi til bíodísilframleiðslu. Uppskeyra ársins var mjög góð og má segja að þetta verkefni hafi gengið vonum framár. Sýna niðurstöður ræktunarinnar að útkoman er á margan hátt betri hérlendis en í Norður-Evrópu. Því hefur verkefnið fengið verðskuldaða athygli og margir sýnt því töluverðan áhuga.

Verkefnið um afgashreinsun fékk á árinu aðstöðu hjá Orkuveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum. Þar er Siglingastofnun boðið upp á vélbúnað sem nýtist ákjósanlega til rannsókna á hreinsun á afgangi og þá sérstaklega sótögnum. Settur hefur verið upp hreinsibúnaður í húsnaði við hliðina á vélbúnaðinum. Stefnt er að því að hreinsa afgangið einnig af koltvísýringi og brennisteini í gegnum hreinsibúnaðinn. Ríkissjónvarpið gerði grein fyrir þessum tveimur verkefnum Siglingastofnunar í sérstakri þáttaröð um nýsköpun á Íslandi. Heildarkostnaður vegna skiparannsókna árið 2009 var 24,7 millj. kr.

Kostnaður við rannsóknarverkefni 2009.

	Millj. kr.
Gunnólfsvík - öldufarsrannsóknir	0,4
Rannsóknir á rofi í Vík í Mýrdal	0,9
Rannsóknir á ferjulægi við Bakkafjöru	2,2
Rannsóknir á rofi við Breiðamerkurlón	0,4
Rannsóknir á Hornafjarðarósi	3,2
Kennsla í strand- og hafnarverkfræði við HÍ	1,0
Verkefni á vegum NORA um gámaflutninga	1,7
Undirstöðurannsóknir á sjólagi	2,9
Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	6,3
Reiknilíkan fyrir sjávarflóð	1,1
Sjávarborðsmælingar	1,0
Könnun á sjávarflóðum	5,2
Rannsóknarverkefni um sjávarfallatengt atferli þorsks	1,0
Reklíkan olú og báta	2,5
Norðausturleið (PAME og AMSA)	2,5
Rannsóknir og skipatækni	3,6
Hröðunar- og hreyfingarmælingar í skipum	0,4
Loftegði í skipum	2,5
Afgashreinsun í skipum	2,8
Umhverfissvænir orkugjafir í skipum	12,0
Veiðar og orkugreining	1,0
Samtals	54,4

Rannsóknir sjóslysa.

Samkvæmt lögum um rannsóknir sjóslysa, nr. 68/2000, er það m.a. hlutverk Siglingastofnunar að taka til formlegrar afgreiðslu tillögur rannsóknarnefndar sjóslysa til úrbóta í öryggismálum á sjó og gera henni grein fyrir þeim úrbótum sem gerðar hafa verið. Samkvæmt reglugerð nr. 133/2002 ber Siglingastofnun að eiga frumkvæði að sérstökum aðgerðum séu þær taldar nauðsynlegar.

Eftirfarandi mál voru formleg afgreidd til rannsóknarnefndar sjóslysa á árinu 2009:

Nr. 010/08 ((Ice Bird), strandaði við Hólmavík).

Nr. 161/07 (Fanny RE-31 (sknr. 1053), sökk í Stykkishólshöfn).

Nr. 162/07 (Brokey BA-336 (sknr. 462), sökk í Reykjavíkurhöfn).

Nr. 128/08 (Óli Gísli GK-112 (sknr. 2714), eldur laus í vélarúmi).

Afgreiðslu mála til rannsóknarnefndarinnar má finna á vefsíðu Siglingastofnunar, www.sigling.is.

Minjavernd og saga.

Á árinu 2009 kom út ritið „Íslenskar hafnir og hafnagerð“ sem Kristján Sveinsson sagnfræðingur hefur unnið að á undanförunum árum. Bókin er 492 síður í stóru broti og prýdd mörgum myndum af höfnum landsins og framkvæmdum við þær.

Siglingavernd (skipa- og hafna- og farmvernd).

Lög um siglingavernd, nr. 50/2004, tóku gildi þann 14. júní 2004 og komu til framkvæmda 1. júlí 2004. Markmið með siglingavernd er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólöglegum aðgerðum.

Árið 2009 voru 35 vottaðar hafnir með hafnaraðstöðu á 84 stöðum á Íslandi. Siglingastofnun gerði á árinu úttekt á 18 höfnum og 45 hafnaraðstöðum. Eitt skip sem þarf að uppfylla kröfur um siglingavernd var skráð á Íslandi árið 2009.

Siglingastofnun er í stöðugu samstarfi við aðrar stofnanir á sviði siglingaverndar, svo sem Tollstjóra, ríkislögreglustjóra, Vaktstöð siglinga og (Landhelgisgæslu).

Í samstarfi við aðrar stofnanir hélt Siglingastofnun tvö námskeið fyrir hafnargæslumenn og starfsmenn með sérstakt hlutverk og eitt námskeið fyrir verndarfulltrúa skipa og fyrirtækja. Alls hafa rúmlega 100 manns hlotið tilnefningu sem verndarfulltrúar og hlotið þjálfun sem slíkir og rúmlega 700 hafa sótt hafnargæslunámskeið á vegum Siglingastofnunar. Auk þess var Siglingastofnun með tvo fræðslufundi/námskeið fyrir Tollstjóraembættið.

Siglingastofnun hefur tekið þátt í fundum og alþjóðlegu samstarfi vegna siglingaverndar, m.a. hjá Evrópusambandinu og árlegum Norðurlandafundum. Árið 2009 tók Siglingastofnun þátt í fundum hjá MARSEC, nefnd Evrópusambandsins og einum Norðurlandafundi vegna siglingaverndar er haldin var í Finnlandi. Siglingastofnun á jafnframt samskipti og samvinnu við ýmsar íslenskar og erlendar stofnanir varðandi málefni er tengjast siglingavernd.

Haldinn var einn fundur í siglingaverndarráði á árinu en ráðið er skipað fulltrúum frá Ríkislögreglustjóra, Tollstjóranum, Landhelgisgæslu Íslands, Hafnasambandi Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu og Siglingastofnun Íslands.

Eftirlitsmenn frá Eftirlitsstofnun EFTA (*EFTA Surveillance Authority*) komu til landsins í ágúst og gerðu úttekt á völdum hafnaraðstöðum.

Í júlí 2009 kom fulltrúi frá bandarísku strandgæslunni og kynnti sér Siglingastofnun og siglingavernd í nokkrum höfnum.

Vaktstöð siglinga.

Vaktstöð siglinga var sett á fót með lögum nr. 41/2003. Siglingastofnun hefur fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og sinnir samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vaktstöðvarinnar og alþjóðlegs samstarfs, svo sem samstarfs við Alþjóðasiglingamálastofnunina, IMO og Siglingaöryggisstofnun Evrópu, EMSA. Í sérstökum þjónustusamningi sem Siglingastofnun Íslands gerði við Landhelgisgæslu Íslands, Neyðarlínuna og Slysavarnafélagið Landsbjörg er þessum aðilum falið að annast daglegan rekstur vaktstöðvarinnar. Landhelgisgæslan fer með faglega forustu í vaktstöðinni.

Hlutverk Vaktstöðvar siglinga er að fylgjast með allri umferð á sjó í lögsögu landsins og vera miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð í íslensku efnahagslögsögunni og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins sem og siglingar íslenskra skipa. Á árinu 2009 var tilkynningakerfi um komur skipa og flutning hættulegra efna, *SafeSeaNet*, komið í fullan rekstur. Á árinu var komið á auðkennikerfi flutningaskipa á úthöfum, LRIT (*Long Range Identification and Tracking*), í samræmi við samþykktir IMO og í samvinnu við Siglingaöryggisstofnun Evrópu, EMSA. Ísland er þannig orðið aðili að gagnagrunni EMSA um LRIT tilkynningar ásamt 32 öðrum ríkjum og sambandsríkjum. Með kerfinu má fylgjast með siglingum kaupskipa í allt að 300 sjómílna fjarlægð frá ströndum landsins. Á árinu var tekið í fulla notkun nýtt stafrænt fjarskiptakerfi fyrir siglingar í Vaktstöð siglinga. Kerfið samanstendur af 25 metrabylgjustöðvum, 8 sambyggðum millibylgju- og stuttbylgjustöðvum og tveimur svokölluðum *Navtex* sendum sem senda út siglingaviðvaranir á langbylgju. Með tilkomu kerfisins hefur Ísland uppfyllt alþjóðakröfur um GMDSS fjarskiptaþjónustu.

1.1.4 Stofnkostnaður.

Vitar og leiðsögukerfi

Stofnkostnaður á árinu 2009 var 28,0 millj. króna og var að stærstum hluta varið í innkaup og uppsetningu á AIS búnað.

Hafnarframkvæmdir.

Í þessari skýrslu er að finna stuttar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2009 á hverjum stað fyrir sig og fjárveitingar til hafnarframkvæmda og ráðstöfun þeirra í töflum I–VI. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja.

Í töflu koma fram þeir fjármunir sem varið var til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir á árinu 2009. Til samanburðar eru tölur fyrra árs:

	2009 millj.kr.	2008 millj.kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	2.323,9	2.054,7
<i>þar af Landeyjahöfn</i>	<i>1.557,2</i>	<i>231,5</i>
Ferjubryggjur	14,4	33,2
Lendingabætur	14,3	1,7
Vestmannaeyjaferja	5,9	31,1
Samtals	2.358,5	2.120,7

Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir.

Snæfellsbær.

Arnarstapi: Veitt var fé af liðnum óskipt til viðhaldsdýpkana til að dýpka í höfninni á Arnarstapa. Nokkur hundruð rúmmetrar af sandi berast inn í höfnina árlega og þarf með nokkurra ára millibili að moka honum upp til að viðhalda dýpinu. Samið var við Björgun ehf um að dýpka þar með gröfuprammanum Eiðsvík. Verkið var framkvæmt í júní og grafnir upp úr höfninni 1.800 m³.

Rifshöfn: Haldið var áfram byggingu Norðurgarðs og sandfangara sem boðinn var út á síðasta ári. Verktakinn, Nettur ehf, varð gjaldþrota í maí. Í ágúst var samið við Stafnafell ehf um að ljúka verkinu. Verkið var langt komið um áramót.

Í maí voru boðnar út lagnir og steipt þekja við lengingu austurkants á Rifi ásamt þekju við lengingu Norðurtanga í Ólafsvík. Samið var við lægstbjóðanda, Almennu umhverfisþjónustuna ehf. Steipt var 1.785 m² þekja við stálþilsbakkann, steipt vatns- og rafmagnshús og lagðar vatnslagnir og ídráttarrör fyrir raflagnir. Rafvirki á staðnum, SB raftækni sf, sá síðan um að ganga frá raflögn og lýsingu. Verkið hófst í júlí og því lauk í desember.

Björgun ehf lauk í júní dýpkun í innsiglingu í Rifshöfn sem hófst árið 2007. Dýpkuninni lauk á árinu 2008 að undanskildum smá bletti á svæði tvö í innsiglingunni og inni í höfninni við nýtt stálþil þar sem botn var það harður að ekki náðist fullt dýpi með dæluskipinu Perlu.

Lokið var uppgjöri vegna lýsingar við flotbryggju.

Ólafsvík: Samið var við Almennu umhverfisþjónustuna ehf um þekju og lagnir við lengingu viðlegukants við Norðurtanga en verkið var boðið út í maí ásamt þekju á Rifi. Steipt var 475 m² þekja. Rafvirki á staðnum, Jón og Trausti sf, sá um raflagnavinnu. Verkið hófst í júlí og því lauk í desember.

Lokið var uppgjöri vegna dýpkunar í Ólafsvíkurhöfn sem hófst árið 2007.

Unnið var að lokafrágangi við vatns- og raflögn við harðviðarbryggju við norðurenda Norðurtangabryggju. Heimamenn sáu um framkvæmdir.

Lokið var uppgjöri við Elinn ehf vegna trébryggju í Ólafsvík sem endurbyggð var á árunum 2004–2007.

Framkvæmdakostnaður: 143,7 millj. kr.

Grundarfjörður.

Á síðasta ári var boðin út dýpkun og bryggjurif og samið við Björgun ehf um framkvæmdina. Dýpkunarhluta verksins var lokið í ágúst 2008 en uppgjör við verktakann vegna dýpkunar fór fram í byrjun árs 2009.

Björgun ehf lauk við að rífa Litlubryggju í júní. Það verk reyndist nokkuð umfangsmeira en gert var ráð fyrir þar sem í ljós kom að steiptur veggur var inni í miðri bryggjunni en sá veggur kom ekki fram á teikningum sem fylgdu útboðsgögnum.

Lokið var uppgjóri við Almennu umhverfisþjónustuna ehf vegna steypuþekju og lagna við nýja bryggju sunnan Litlubryggju sem nú hefur hlotið nafnið Miðgarðsbryggja.

Á síðasta ári var samið var við Bátaland ehf um kaup og uppsetningu á 24x3 m flotbryggju. Bryggjuna á að setja upp í vikinu milli Miðgarðs- og Stórubryggju en áður þarf að ganga þar frá öldudempandi fláa og steypa landstöpul. Norðurtak ehf annaðist byggingu landstöpulsins að undangengnu útboði en uppsetningu bryggjunnar var ekki lokið á árinu.

Í maí var boðið út verkið öldudempandi flái og landstöpull og samið við Norðurtak ehf sem bauð lægst í framkvæmdina. Verkið hófst um miðjan júlí og lauk í september. Í 82 m langan grjótláann fóru 2.400 m³ af flokkuðu grjóti og 3.200 m³ af sprengdum kjarna. Efnið var tekið úr námu Grundarfjarðarbæjar í Lambakróarholti.

Framkvæmdakostnaður: 22,9 millj. kr.

Stykkishólmur.

Lagfærðir voru bryggjustigar og neyðarlýsing í Skipavíkurhöfn og breytingar gerðar á ferjuaðstöðu vegna nýja Baldurs en samþykkt var tillaga hafnaráðs um að veitt yrði framlag af óskiptu fé til slysavarna í þessi verkefni.

Framkvæmdakostnaður: 1,6 millj. kr.

Reykhólar.

Lokið var uppgjóri við Björgun ehf vegna stofndýpkunar innsiglingarrennu og viðhaldsdýpkunar innan hafnar. Dýpkuninni lauk 17. nóvember 2008 en úttektarmæling var ekki gerð fyrr en í janúar 2009 og uppgjör við verktaka í framhaldi af því. Heildarmagn sem samþykkt var til greiðslu vegna dýpkunar á innsiglingarrennu með yfirdýpkun og um 1.200 m³ viðhaldsdýpkun innan hafnar varð 25.647 m³.

Framkvæmdakostnaður: 3,6 millj. kr.

Vesturbyggð.

Brjánslækur: Boðin var út í júní framkvæmd við lagnir og þekju á lengingu ferjubryggju. Samið var um verkið við lægstbjóðanda, Mikael ehf. Steipt var 660 m² þekja og gengið frá lýsingu og raflögn við bryggjuna. Verkinu lauk í september.

Patreksfjörður: Í ágúst var boðin út framkvæmd við endurbyggingu á 308 m löngum stálþilsbakka í Patrekshöfn en efni í þilið var keypt árið 2008. Í verkinu fólst að brjóta upp um 4.600 m² af gamalli þekju, fjarlægja kant og polla og skera ofan af gamla stálþilinu þar sem nýja þilið yrði rekið, niðurrekstur á 203 stálþilsplötum utan við gamla þilið, frágangur stálþilsfestinga, fylling 5.500 m³ og steypa 308 m kantbita með pollum og fríholtum. Sex tilboð bárust og var samið við Geirnaglann ehf sem átti lægsta tilboð í verkið, kr. 75.466.950 en það var 61% af kostnaðaráætlun. Samningsverkið var skammt á veg komið um áramótin en á að vera lokið um mitt ár 2010.

Framkvæmdakostnaður: 27,0 millj. kr.

Tálknafjörður.

Í samgönguáætlun 2007–2010 var gert ráð fyrir að árið 2009 yrði hafist handa við endurbyggingu gömlu bryggju en því verki hefur verið frestað.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Bolungarvík.

Áfram var haldið endurbyggingu 130 m stálþils efst við Brjótinn sem hófst árið 2007 með efniskaupum og útboði á þilrekstri. Í júní var boðinn út frágangur á bryggjuþekjunni sem fólst í að ganga frá lögnum og steypa 3.430 m² þekju. Sjö tilboð bárust og var í framhaldinu samið við Geirnaglann ehf sem bauð lægst, kr. 38.977.425. Var það 88,6% af kostnaðar-

áætlun. Samningsverkinu lauk að mestu fyrir áramót en eftir er að ganga frá raflögn og lýsingu við stálþilið.

Framkvæmdakostnaður: 57,3 millj. kr.

Ísafjarðarbær.

Þingeyri: Lokið var uppgjöri við verktakann K.N.H. ehf á Ísafirði sem samið var við á árinu 2008 um annars vegar að rífa gömlu trébryggjuna og hins vegar að dýpka smábátahöfnina. Endurbýggja þurfti bryggjuþekju á stálþilinu við hornið þar sem gamla trébryggjan stóð. Um 30 m² þekja var brotin upp og endursteypt. Heimamenn sáu um framkvæmd.

Suðureyri: Endurbýgging stálþils og dýpkun innsiglingarrennu sem var á samgönguáætlun 2007–2010 hefur verið frestað. Árið 2008 var keypt stálþilsefni bæði í Löndunarbryggjuna á Suðureyri og Olúbryggju við Mávagarð á Ísafirði fyrir samtals 62,1 millj. kr. Í framkvæmdaskýrslu það ár var allur kostnaður við efniskaupin færður á Mávagarðsbryggju. Í skýrslu þessa árs er þetta leiðrétt og kostnaðurinn færður milli verka.

Flateyri: Lokið var uppgjöri vegna flotbryggja sem settar voru upp árið 2008.

Ísafjörður: Í skýrslu þessa árs er leiðréttur kostnaður vegna kaupa á stálþilsefni. Allur kostnaðurinn var í framkvæmdaskýrslu fyrir árið 2008 færður á Mávagarðsbryggju en 21,2 millj. kr. átti að vera vegna löndunarbryggju Suðureyri.

Framkvæmdakostnaður: 4,2 millj. kr.

Norðurfjörður.

Samið var við GR verk ehf um að steypa upptökubraut fyrir smábáta, en verkinu hafði verið frestað á árinu 2007. GR verk steypiti með aðstoð heimamanna 18,6x5 m skábraut í júní en verktakinn Tígur ehf frá Súðavík vann síðan í lok október við að raða grjóti meðfram brautinni og jafna við enda hennar.

Framkvæmdakostnaður: 3,9 millj. kr.

Drangnes.

Vegna niðurskurðar á framlagi til hafnaframkvæmda varð að fresta verkefnum við Drangneshöfn sem voru á samþykktri samgönguáætlun á árinu 2009.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir á árinu.

Hvammstangi.

Að fenginni umsögn hafnaráðs var samþykkt fjárveiting til endurgerðar á flotbryggjum á Hvammstanga. Að undangenginni verðkönnun var samið við Bátaland ehf um útvegum á tveim 12 m steiptum flotbryggjum og sá Bátaland ehf um uppsetningu. Breidd eininga er 2,7 m, en þær eru smíðaðar hjá Marinetek í Finnlandi.

Framkvæmdakostnaður: 4,7 millj. kr.

Skagaströnd.

Að fenginni umsögn hafnaráðs var samþykkt að styrkja mætti lengingu upptökubrautar með allt að 1,0 millj. kr. Samið var við Trésmiðju Helga Gunnarssonar ehf um að lengja upptökubraut um tvo m með steyptri einingu og var verkið unnið í ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 0,5 millj.kr.

Skagafjörður.

Sauðárkrókur: Lokið var úttektarmælingu og uppgjöri við Björgun ehf vegna viðhaldsdýpkunar sem unnin var í lok árs 2007.

Að fenginni umsögn hafnaráðs var samþykkt að veita styrk til frágangs á gamalli grjót-námu við vesturós Héraðsvatna og sáu heimamenn um framkvæmd verksins haustið 2008.

Boðin var út gerð Suðurgarðs í Sauðárkrókshöfn. Í júlí var gengið til samninga við lægst-bjóðanda, Víðimelsbræður ehf sem buðu 94,6 millj. kr í verkið. Heildarlengd garðs verður 350 m. Heildarmagn af flokkuðu grjóti er áætlað 11.296 m³ og sprengdum kjarna 14.594 m³. Verkið hófst í byrjun október og um áramót var lokið u.þ.b. 35% af verkinu. Kjarni hafði

verið lagður fram um 170 m og grjótvarið að utanverðu. Kjarni hefur verið tekinn úr Hegranesi og mól úr Gránumóum. Grjót kemur úr Hvalnesi og Vindheimum.

Hofsós: Í stað áður frestaðra endurbóta á bryggjuvegg sem þóttu töluvert dýrar, var ákveðið að setja grjótvarn í kverkina efst við Norðurgarðinn og um 10 m fram með bryggjuveggnum þar sem ekki er viðlega. Samið var við Víðimelsbræður ehf um verkið sem unnið var í maí.

Framkvæmdakostnaður: 49,2 millj. kr.

Fjallabyggð.

Siglufjörður: Lokið var uppgjóri vegna rifts á SR bryggju sem unnið var að á síðasta ári og greidd leiga fyrir ljósdufl sem sett var við losunarsvæði o.fl.

Ólafsfjörður: Í janúar var boðið út verkið innsigling í Vesturhöfn, endurbygging og frágangur garðsenda. Í því fólst að rífa 10–20 m af gömlum staurakistum sem voru á garðsendum beggja vegna, hreinsa upp grjót af botni og leggja út um 10.400 m³ af sprengdum kjarna og grjóti á garðsendana. Háfell ehf átti lægsta tilboð í verkið, kr. 13.615.100 sem var frávíkstilboð en niðurstaðan varð sú að þeir féllu frá tilboðinu í lok mars. Var þá gengið til samninga við Árna Helgason ehf, Ólafsfirði, sem átti lægsta aðaltilboð, kr. 14.766.440 sem var 51% af kostnaðaráætlun. Verkið var unnið á tímabilinu apríl–júlí 2009. Magnið af grjóti og kjarna sem fór í garðsendana varð um 2.500 m³ meira en áætlað hafði verið og stafaði það af breytingum á botni frá dýptarmælingu sem notuð var við magntöku fyrir útboðið. Heildar greiðsla til verktaka varð kr. 14.766.440.

Framkvæmdakostnaður: 20,3 millj. kr.

Dalvíkurbyggð.

Dalvík: Hafinn var bygging nýrrar ferjubryggju í Dalvíkurhöfn en verkið var boðið út á síðasta ári ásamt dýpkun við bryggjuna og samið við Ísar ehf um framkvæmdirnar. Samningsupphæðin, kr. 44.422.300, var 73,9% af kostnaðaráætlun. Í útboðsgögnum var gert ráð fyrir að sprengja þyrfti um 20 m langan skurð fyrir stálpilinu en reyndin varð 62 m. Að öðru leyti kom ekkert óvænt uppá og verktaki lauk að mestu umsömdu verki við ferjubryggjuna á árinu. Eftir er að ganga frá lögnum og lýsingu við bryggjuna og verður það verk boðið út árið 2010.

Jafnframt rekstri stálpils ferjubryggjunnar vann Ísar ehf að dýpkun við bryggjuna. Það verk reyndist nokkru erfiðara en gert var ráð fyrir þar sem stífur móhellubotn er á um 4 m dýpi sem illa gekk að rippa. Lokið var þó við dýpkunina á árinu en eftir er að ganga frá uppgjóri við verktakann.

Lokið var uppgjóri vegna endurbyggingar trébryggju við Suðurgarð Dalvíkurhafnar.

Framkvæmdakostnaður: 41,7 millj. kr.

Hafnasamlag Norðurlands.

Í sveitarstjórnarkosningunum vorið 2009 var samþykkt sameining Grímseyjarhrepps og Akureyrarbæjar og er því Grímseyjarhöfn orðin hluti Hafnasamlagsins.

Akureyri: Katla ehf lauk í júní samningsverki við Tangabryggju samkvæmt verksamningi að upphæð kr. 37.188.650 frá október 2008. Lagðar voru vatnslagnir í bryggju, ídráttarrör fyrir raflagnir og settir tengibrunnar við kant. Byggt ljósamasturs- og vatnshús, undirstaða fyrir ljósamastur og steipt 2.575 m² þekja. Heildargreiðsla til verktaka með verðbótum varð um 39,5 millj. kr. Eftir verðkönnun var samið við Rafeyri ehf á Akureyri um raflagnir í Tangabryggju, samningsupphæð kr. 6.131.377. Heimtaugagjald varð um 2,9 millj. kr.

Í febrúar var boðin út steiptur kantur á Oddeyrarbryggju og samið við lægstbjóðanda, Sigurð Björgvin Björnsson Akureyri. Samningsverð kr. 6.800.000 var 74,2% af kostnaðaráætlun. Verki lauk í júní. Steiptur var 87 m kantbiti með pollum og sett upp fríholt á viðlegukantinn. Greiðsla til verktaka varð kr. 6.857.000.

Grímsey: Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf í Grímsey lauk á árinu framkvæmdum sem samið var um árið 2008 en þær fólust í dýpkun vegna lengingar harðviðarbryggju, færslu á landgarði, gerð öldudempandi fláa og lengingu á syðri skjólgarði bátahafnar ásamt harðviðartunnu á garðsenda. Samningsupphæðin var 39,02 millj. kr, 99% af kostnaðaráætlun. Færslu landgarðs og gerð öldudempandi fláa lauk að mestu fyrir áramót en vegna ótíðar var öðrum hlutum verksins frestað fram á vor. Heildargreiðsla til verktaka með verðbótum varð um 43 millj. kr. Verkpættir utan útboðs voru rafmagn og lýsing á tunnu á garðsenda og fríholt.

Í júlí var boðin út bygging 21,5 m langrar harðviðarbryggju við norðurkant bátahafnar og skutadstöðu fyrir Grímseyjarferju í kverkinni efst við Aðalhafnargarðinn. Efni í þessi mannvirki var keypt á árinu 2008. Samið var við lægstbjóðanda, Guðmund Guðlaugsson, Dalvík. Samningsupphæðin, kr. 16.762.000, var 65% af kostnaðaráætlun. Ekki var byrjað á framkvæmdinni fyrr en í október. Vegna ótíðar reyndist ekki unnt að ljúka verki í desember eins og ætlað var og var því hluta þess frestað fram á vorið 2010.

Framkvæmdakostnaður: 82,8 millj. kr.

Norðurþing:

Húsavík: Lokið var uppgjöri vegna endurbyggingar trébryggju við Suðurgarð sem unnið var að á árinu 2008.

Unnið var að undirbúningsrannsóknnum vegna hafnar fyrir fyrirhugað álver á Bakka.

Raufarhöfn: Þar var unnið að uppsetningu á aftara leiðarmerki. Setja þurfti upp nýtt merki eftir að lýsistankar loðnubræðslunnar voru rifnir en á þeim hafði bakmerkið staðið. Verkið var ekki skilgreint í samgönguáætlun en hafnaráð lagði til að samþykkt yrði að veita í það styrk af óskiptum lið til slysavarna o.fl.

Framkvæmdakostnaður: 16,0 millj. kr.

Langanesbyggð.

Þórshöfn: Lokið var uppgjöri við Almenna byggingarfélagið ehf vegna lagna og þekju-steypu við stálþil sem unnið var að árin 2004–2005. Deilur voru við verktaka um frágang verksins sem ekki fékkst niðurstaða í fyrr en á árinu 2009.

Íslenska Gámafélagið ehf vann áfram að stálþilsrekstri, fyllingu og kantsteypu við Hafskipabryggju samkvæmt verksamningi frá árinu 2008. Nokkrar tafir urðu á verkinu vegna erfiðra vetrarveðra og mikilla snjóalaga. Eins olli töfum að erfitt reyndist að reka þilið þar sem ekki hafði tekist nógu vel að sprengja skurð í klöpp þar sem þilið átti að koma. Varð að greiða verktaka aukalega fyrir kostnað sem því fylgdi. Fyllingarefni inn í stálþilið, um 22.700 m³, var að hluta búið að vinna í grjótnámunni við þorpið en töluvert magn til viðbótar þurfti að sækja til Gunnólfsvíkur og fylgdi því nokkur aukakostnaður. Samið var við Íslenska Gámafélagið um viðbótarverk sem fólust í að leggja vatnslagnir og ídráttarrör fyrir rafmagn í bryggjuna, frágang í verk við gamlan landvegg og steypa 100 tonna stormpolla. Verkinu var að mestu lokið í desember en lokaúttekt fór fram í janúar 2010. Heildargreiðsla til verktaka með verðbótum og viðbótarverkum varð 79,8 millj.kr.

Bakkafjörður: Unnið var að frágangi grjótnámu við smábátahöfnina. Heimamenn önnuðust framkvæmdina.

Framkvæmdakostnaður: 80,0 millj. kr.

Vopnafjörður.

Gerð var úttektarmæling á dýpkun innsiglingar og innan hafnar sem fram fór á árinu 2008.

Framkvæmdakostnaður: kr. 800.000.

Seyðisfjörður.

Á árinu 2009 lauk vinnu við stækkun tollaðstöðu á Bjólfsbakka og frágang lóðar. Uppgjör við verktaka hefur farið fram. Heildarkostnaður við stækkunina að meðtöldum lóðaf framkvæmdum á árunum 2007-2009 varð 105 millj. kr.

Byggingu harðviðarbryggju við frystihúsið sem ætlunin var að byggja á árinu 2009 var frestað til 2010.

Framkvæmdakostnaður: 19,0 millj. kr.

Fjarðabyggð.

Mjóifjörður: Lokið var uppgjóri við Seljuskóga ehf vegna viðgerða og endurbyggingar á trébryggjunni á Mjóafirði sem fram fór á árinu 2008. Ákveðið var að steypa vegg við niðurkeyrsluramp að bryggjunni og loka opi milli ramps og bryggju en slyshætta var talin af því. Samið var við Seljuskóga ehf um að vinna þetta viðbótarverk fyrir 1,5 millj. kr.

Neskaupstaður: Lokið var uppgjóri vegna lengingar Togarabryggju sem unnið var að á árunum 2005–2006.

Reyðarfjörður, Mjóeyrarhöfn: Lokið var uppgjör vegna stóriðjuhafnarinnar og hafnsögu-báts, mál sem tafist höfðu vegna ágreinings en nú hafa verið útkljáð.

Stöðvarfjörður: Ævar Ármannsson ehf lauk við að klæða innan á gömlu steinbryggjuna á 43 m kafla með harðviði samkvæmt verksamning sem gerður var á árinu 2008.

Framkvæmdakostnaður: 9,2 millj. kr.

Djúpivogur.

Þar var keyptur harðviður á árinu 2006 sem nota á í endurbyggingu trébryggju. Í samgönguáætlun 2007–2010 var gert ráð fyrir að ráðast í bryggjasmíðina árið 2008 en í viðauka við áætlunina sem samþykktur var á því ári var verkinu frestað til 2010.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Höfn í Hornafirði.

Í samningi sem gerður var við Trölla ehf árið 2006 um viðhaldsdýpkun er ákvæði um heimild til framlengingar hans og var það nýtt. Trölli ehf sá því um viðhaldsdýpkun innan hafnar á árinu 2009 og fjarlægði 25.000 m³ af efni.

Áfram var haldið stækkun og endurbyggingu Álaugareyjarbryggju sem byrjað var á árið 2007. Í apríl var boðinn út síðasti áfangi verksins sem fólst í að leggja lagnir í bryggjuna og steypa 4.200 m² þekju og ganga frá raforkuvirki. Gerður var samningur við lægstbjóðanda, Mikael ehf sem bauð 55.678.980 kr. í verkið, 85,4% af kostnaðaráætlun. Verkinu lauk verktaki í september. Heildargreiðsla til verktaka varð kr. 56.981.580.

Framkvæmdakostnaður: 90,0 millj. kr.

Landeyjahöfn.

Suðurverk ehf vann að byggingu Landeyjahafnar samkvæmt verksamningi sem gerður var í ágúst 2008. Þann 10 maí lauk vinnu í námu og flutningi á efni niður af Seljalandsheiði á millilager austan Markarfljóts. Alls voru fluttir 729.000 m³ af efni úr námunni. Eftir að hafa veitt Markarfljóti austur fyrir grjótlagerinn hófst akstur á efni í brimvarnargarðana í Bakka-fjöru. Fyrsta hlassinu var sturtað í garðana þann 15 maí. Um áramótin var búið að leggja garðana út og grjótverja þá að utan.

Boðin var út í desember bygging farþegastöðu. Um er að ræða steinsteypta byggingu á tveimur hæðum með timburpaki. Neðri hæðin 186 m² og efri hæðin 77 m² eða samtals 263 m² að flatarmáli. Að auki er óupphitað anddyri 50 m² og tvö óupphituð farangursrými um 45 m² að stærð. Arkitekt er Sveinn Ívarsson og um verkfræðiteikningar sá Teiknistofa Páls Zóphoníassonar. Um áramótin var samið við lægstbjóðanda, S.Á. verklausnir ehf sem bauð 91,7 millj. kr.

Boðin var út í desember dýpkun á innsiglingu Landeyjarhafnar og er reiknað með að fjarlægja alls um 195.000 m³ af lausu efni. Samið var við lægstbjóðanda Björgun ehf sem bauð 99.88 millj. kr. Verkið á ekki að hefjast fyrr en í apríl 2010.

Framkvæmdakostnaður 1.557,2 millj. kr.

Vestmannaeyjaferja.

Gerður var upp kostnaður vegna útboðs á smíði nýrrar ferju sem fram fór árið 2008 en hætt var við þau áform í kjölfar hrunsins. Í framhaldinu voru kannaðir möguleikar á að kaupa notaða ferju sem hentaði betur til siglinga um Landeyjahöfn en núverandi Herjólfur. Fá skip reyndust á boðstólum sem til greina komu og nauðsynlegar breytingar á þeim hefðu orðið dýrar. Varð því niðurstaðan úr þessum athugunum að hagkvæmast væri að var nota áfram núverandi Herjólf þó svo að skipið hentaði ekki sem best við þær aðstæður sem Landeyjahöfn býður uppá, m.a. vegna djúpristu. Gerðar voru nokkrar lagfæringar á skipinu til að það uppfyllti betur skilyrði til siglinga um Landeyjahöfn.

Framkvæmdakostnaður: 5,9 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Lokið var við lagnir og þekjusteypu á Básaskersbryggju, verk sem samið var um við 2-Þ ehf á árinu 2008. Samningsupphæð var kr. 43.442.501 en heildargreiðsla til verktakans með verðbótum og viðbótarverkum varð kr. 53.840.161. Töluverð magnaukning var í verkinu, aðallega á liðnum fylling og jöfnun undir þekju og eins í lagnaskurðum og ídráttarrörum sem höfðu verið vanáætluð. Samið var við raftækjaverkstæðið Faxe ehf í Vestmannaeyjum um smíði á rafmagnstöflu, setja upp lýsingu á bryggju og leggja rafstrengi að tenglaskápum. Samningsupphæð var kr. 7.795.605 en heildargreiðsla til Faxe varð kr. 8.440.727.

Í maí var boðin út endurbygging á vesturkanti Bæjarbryggju en austurkantur bryggjunnar hafði verið endurbyggður árið 2007. Þrjú tilboð bárust og var samið við lægstbjóðanda Steina og Olla ehf sem bauðst til að vinna verkið fyrir kr. 7.577.550 sem var rúm 88% af kostnaðaráætlun. Verkið fólst í að brjóta upp vesturvegg bryggjunnar á um 24 m kafla, brjóta upp um 130 m² þekju og fjarlægja múrbrot og fyllingu innan úr bryggjunni, fylla síðan upp og endursteypa ásamt því að ganga frá vatns og raflögnum í bryggjuna. Í ljós kom, eftir að veggur hafði verið brotinn, að undirstöðuker í bryggjunni voru verr á sig komin en talið var og hölluðust fram í höfnina. Steypa þurfti ofan á kerin til að rétta þau af. Verkinu var ekki lokið um áramót.

Hafin var undirbúningur að viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn og verkið boðið út í byrjun desember. Tvö tilboð bárust og átti Björgun ehf lægra boðið, kr. 37.188.850 sem var 63% af kostnaðaráætlun. Verkið var ekki hafið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 25,2 millj. kr.

Þorlákshöfn.

Á árinu 2007 var unnið að dýpkun í austur- og vesturhöfn. Eins og fram kom í framkvæmdaskýrslu fyrir það ár leiddi úttektarmæling í ljós að á nokkrum stöðum vantaði á dýpi. Gerð var krafa um að verktakinn, Ístak hf, flytti tæki á staðinn og dýpkaði það sem á vantaði en niðurstaðan varð að Ístak var leyst frá verkinu gegn því að greiða bætur vegna vandýpkunar.

Lokið var uppgjöri vegna lagna og þekju við þil norðan Svartaskersgarðs.

Framkvæmdakostnaður: 900.000 kr. lækun á gjaldfærslu .

Grindavík.

Lagnir, þekja og raforkuvirki á Miðgarði voru boðin út í maí. Samið var við HH smíði ehf sem bauð lægst, 68,8% af kostnaðaráætlun. Upphæð verksamnings var kr. 35.118.963. Í verkinu fólst að leggja vatnslagnir og ídráttarrör raflagna í bryggju, steypa undirstöðu ljósamasturs, steypa þekju 2.940 m², smíði rafmagnstöflu og ganga frá raflögn og lýsingu á bryggju. Verkinu lauk fyrir áramót að undanskildu raforkuvirki en ekki er hægt að ljúka

vinnu við það fyrr en lokið verður byggingu hafnarhúss þar sem rafmagnstafla verður staðsett.

Framkvæmdakostnaður: 29,8 millj. kr.

Óstyrkhæfar hafnarframkvæmdir.

Faxaflóahafnir.

Framkvæmdum og fjárfestingaverkum Faxaflóahafna sf á árinu 2009 var dreift á þær hafnir og þau hafnarsvæði, sem höfnin á og rekur í Reykjavík, á Akranesi, Borgarnesi og á Grundartanga. Verkefni eru því mörg, dreifð og markast oftast af eftirfarandi forsendum: Hafnarsjóður hefur ávallt þurft að fjármagna allar sínar framkvæmdir með eigin aflafé og því alltaf verið lögð áhersla á að við framkvæmdaákvörðun sé horft til þess hvaða tekna sé að vænta af mannvirkjagerð til skemmri eða lengri tíma. Bygging hafnaraðstöðu sem leggur grunn að auknum tekjum af vöruflutningum, landgerð, landþróun og gatnagerð, sem skilar lóðagjöldum, lóðaleigu og auknu flutningamagni um hafnarlandið hafa ávallt verið forgangsverkefni. Við hönnun og byggingu þessara mannvirkja hefur jafnan verið horft til gæða og notagildis þeirra og að þau verði rekstralega hagkvæm jafnt fyrir höfn og notendur. Sá samdráttur, efnahagsóvissa og erfiðleikar sem yfir íslenskt samfélag hafa gengið á undanförunum misserum settu sitt mark á framkvæmdir Faxaflóahafna á árinu eins og hjá flestum. Í ljósi verulegs tekjusamdráttar sem við blasti 2009 var dregið úr framkvæmdum og þeim verkum frestað sem hægt var. Til varanlegra rekstrarfjármuna var alls varið 1.125 millj. kr., en þar af var alls varið til verklegra framkvæmda 699 millj. kr. Eftirfarandi voru helstu verkefni á árinu 2009:

Hafnarvirki:

Hafnarkantar á Slippasvæði - 57,6 millj. kr.

Suðurbugt - öldubrjótur - 13,0 millj. kr.

Sundahöfn - dýpkun innsiglingar - 6,2 millj. kr.

Skarfabakki 2. og 3. áfangi - undirbúningsframkvæmdir - 12,6 millj. kr.

Hafnargerð utan Klepps - efnisskipti og fyllingar - 267,3 millj. kr.

Vogabakki - lenging, 150 metra áfangi - 77,2 millj. kr.

Grundartangi Tangabakki - ýmsar undirbúningsframkvæmdir - 19,8 millj. kr.

Grundartangi - aðstaða fyrir hafnsögubáta og fl. - 19,0 millj. kr.

Akraneshöfn - rannsóknir - 2,7 millj. kr.

Land og lóðir:

Vesturhöfn - lóðagerð - 4,7 millj. kr.

Slippasvæðið við Mýrargötu - landgerð - 21,5 millj. kr.

Sundahöfn - lóðagerð o. fl. - 15,0 millj. kr.

Kleppsvík - landgerð o.fl. - 23,8 millj. kr.

Grundartangi - land- og lóðagerð - 15,6 millj. kr.

Gatnagerð:

Vesturhöfn - gatnagerð - 14,6 millj. kr.

Slippasvæðið - gatnagerð - 23,3 millj. kr.

Sundahöfn - gatnagerð - 8,9 millj. kr.

Grundartangi - gatnagerð - 94,7 millj. kr.

Fjárfestingakostnaður Faxaflóahafna sf árið 2009 varð alls 1.125 millj. kr.

Framkvæmdakostnaði skipt á hafnarsvæði:

Gamla höfnin: 134,9 millj. kr.

Sundahöfn: 411,3 millj. kr.

Grundartangi: 149,8 millj. kr.

Akranes: 2,8 millj. kr.

Framkvæmdir alls: 698,9 millj. kr.

Fjarðabyggð.

Neskaupstaður: Framkvæmd við lengingu löndunarbyggju um 95 m sem hófust árið 2008. Framkvæmt var fyrir 29,5 millj. kr. á árinu 2009. Eftir er að ganga frá rafmagni og steypa þekju á byggjuna. Áætlað er að því ljúki á næstu tveim árum.

Eskifjörður: Framkvæmdum sem hófust árið 2008 við 35 m hafnarkant framan við nýtt nótahótel var fram haldið. Framkvæmdakostnaður árið 2009 varð 48,5 millj. kr. Verkinu er lokið að því undanskildu að eftir er að ganga frá raflögn í byggju.

Reyðarfjörður: Við Mjóeyrarhöfn var unnið við lóðaframkvæmdir og fergingu lóða á uppfillingu, siglingavernd, hafnavog og viðgerð á malbiki gámasvæðis. Kostnaður við þessar framkvæmdir varð á árinu rúmar 43 millj. kr.

Inn við kaптúnið á Reyðarfirði var unnið fyrir tæpar tvær millj. kr. við endurbætur á gamalli byggju, Barkinum.

Önnur fjárfestingaverkefni voru kaup á landi fyrir uppsátur og geymslu smábáta auk rifts á húsum, grjótvarnir á Eskifirði og Norðfirði og gerð gámasvæðis á Eskifirði. Samtals nam kostnaður við þetta um 13,7 millj. kr. á árinu.

Samtals voru óstyrkhæfar fjárfestingar Fjarðabyggðarhafna á árinu 136,7 millj. kr.

Ferjubryggjur.

Unnið var að viðhaldi á eftirtöldum ferjubryggjum:

Vigur: Heimamenn sáu um lítils háttar viðhald á ferjubryggju.

Framkvæmdakostnaður:kr. 100.000.

Flatey, Breiðafirði: Elinn ehf á Sauðárkróki lauk framkvæmdum við lengingu viðlegukants ferjubryggju úr 22 í 40 m.

Framkvæmdakostnaður: 14,2 millj. kr.

Sjóvarnargarðar.

Hvalfjarðarsveit: Lokið uppgjóri vegna sjóvarna við Krossland - Akrakot sem unnin var árin 2006-2007.

Framkvæmdakostnaður 9,0 millj. kr

Snæfellsbær: Stafnafell ehf vann að sjóvörnum á þrem stöðum í Ólafsvík samkvæmt verksamningi frá 2008. Sjóvörn við Ytra-Klif var lokið 2008. Í desember 2009 lauk svo framkvæmd við sjóvörn á 120 m kafla við Snoppu hjá Hrórshúsi en vinna þar hafði tafðist vegna holræsis sem bærinn sá um að leggja. Í vörn við Hrórshús fóru 4.500 m³ af flokkuðu grjóti og 5.100 m³ af sprengdum kjarna. Í lok ársins hófst svo vinna við 180 m langa sjóvörn við Ennisbakka. Stóð sú framkvæmd yfir áramótin og lauk ekki fyrr en í febrúar 2010. Í vörnina við Ennisbakka fóru 2.056 m³ af flokkuðu grjóti og 1.172 m³ af sprengdum kjarna.

Við Barðastaði í Staðarsveit var gerð 60 m löng sjóvörn sem í fóru 830 m³ af flokkuðu grjóti og 590 m³ af kjarna. Samið var við Stafnafell ehf um framkvæmdina, sem hófst í nóvember og lauk um áramót. Grjót í sjóvarnirnar við Ólafsvík kom úr námu á Rifi. Efni í vörn við Barðastaði tekið úr haug við veg utan við Malarrif.

Við Keflavíkurgötu á Hellissandi var hafinn undirbúningur að sjóvörn en ekki byrjað á verkinu fyrir áramótin.

Framkvæmdakostnaður 22,2 millj. kr.

Stykkishólmur: Að fenginni umsögn hafnaráðs var samþykkt í ágúst 2008 að veita allt að 2,6 millj. kr. til að gera 34 m langa sjóvörn við Ægisbraut. Heimamenn sáu um framkvæmdina sem lauk í apríl. Í garðinn fóru um 700 m³ af grjóti og kjarna.

Framkvæmdakostnaður 2,3 millj. kr.

Reykhólahreppur: Í Flatey var byggður 25 m langur sjóvarnaveggur úr járnbentri steinsteypu sem nær frá landvegg ferjubryggju og upp fyrir langhlið frystihúss. Verktaki var Elinn ehf á Sauðárkróki. Verkinu lauk í júní.

Framkvæmdakostnaður 5,1 millj. kr.

Vesturbyggð: Sigurþór Þórisson frá Hvalskeri við Patreksfjörð lauk framkvæmd við um 200 m langa sjóvörn við Brunna í Látravík, verk sem samið var um á árinu 2008. Í vörnina fóru um 1.800 m³ af grjóti og kjarna. Efnið var tekið við þjóðveginn í grennd við Látravatn. Verki lauk á fyrri hluta árs.

Framkvæmdakostnaður 6,7 millj. kr.

Ísafjarðarbær: Samið var við KNH ehf á Ísafirði um sjóvörn innan smábátahafnar á Þingeyri. Gerð var sjóvörn á 230 m kafla inn af smábátahöfninni og fóru í það 2.450 m³ af grjóti og sprengdum kjarna. Efnið var tekið úr námu í landi Kjaransstaða í Dýrafirði. Greiðsla til verktaka var 5,8 millj. kr.

Á Ísafirði var samið við KNH ehf um 140 m langa sjóvörn við Sigurðarbúð. Efni, um 1.200 m³ af grjóti og sprengdum kjarna, var tekið úr námu Ísafjarðarbæjar í Dagverðardal. Greiðsla til verktaka var 2,9 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður alls: 10,5 millj. kr.

Súðavíkurhreppur: Unnið var að hönnun og undirbúningi fyrir sjóvörn við Langeyri. Í desember var samið við Tígur ehf í Súðavík um að byggja 120 m langa sjóvörn, um 2.350 m³, móts við tjörnina á Langeyrinni. Verkinu lauk ekki á árinu.

Framkvæmdakostnaður: kr. 300.000.

Árneshreppur: Gerð var um 30 m löng sjóvörn við Kallahús á Gjögri. Verktaki var Tígur ehf frá Súðavík. Verkið var ekki á samgönguáætlun en að fenginni umsögn hafnaráðs var samþykkt að veita í það styrk af óskiptum lið til sjóvarna.

Framkvæmdakostnaður: kr. 800.000.

Blönduós: Boðin var út í mars 210 m löng sjóvörn neðan Brekkubbyggðar og samið við lægstbjóðanda, Borgarvirki ehf. Þar sem tilboð var hagstætt var ákveðið að fullnýta fjárheimild og lengja vörnina um u.þ.b. helming þannig að hún tengdist vörn sem komin var að Háubrekku sunnan Blöndu. Heildarlengd sjóvarnar varð 425 m og magn af grjóti og sprengdum kjarna sem tekinn var úr námu við Hólabak 6.941 m³. Auk þess voru um 1.200 m³ af malarfyllingu bak við vörnina teknir úr námu við Kleifarhorn. Greiðsla til verktaka varð 16,9 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður alls: 19,1 millj. kr.

Fjallabyggð: Í mars var boðin út sjóvörn á tveim stöðum við Siglufjörð. Austan á Eyrinni 324 m kafla til norðurs frá Hafnarbryggju og norðan við Eyrina um 192 m kafla frá vörn sem komin var í Hvanneyrarkrök að Hvanneyrarlæk. Samið var við Tígur ehf frá Súðavík sem átti lægsta tilboð í verkið. Efni í vörnina, alls um 9.700 m³ af grjóti og sprengdum kjarna var tekið úr námu Siglufjarðarbæjar við Selskál. Greiðsla til verktaka varð 13,4 millj. kr.

Unnið var að mælingum og rannsóknum vegna landbrots á Siglunesi. Verkfræðistofan Stoð ehf sá um mælingar á landi og dýptarmælt var við nesið með mælingabát Siglingastofnunar. Gerðar voru skýrslur um niðurstöðu þessara mælinga og um öldufarsútreikninga sem unnir voru á Siglingastofnun.

Framkvæmdakostnaður alls: 19,0 millj. kr.

Dalvíkurbyggð: Dalverk ehf lauk framkvæmdum við sjóvarnir á Árskógssandi sem samið var um á síðasta ári. Við Brimnes var ekið út 1.766 m³ í 74 m langan garð, syðst við bakkann undir Ægisgötu var ekið út 1.200 m³ í 105 m garð og vestan hafnar var ekið út um 1.600 m³ í

60 m garð. Allt grjót var tekið úr námu á Hauganesi. Verkið hófst í lok október 2008 og lauk í maí 2009. Heildargreiðsla til verktaka varð 12,4 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður 9,7 millj. kr.

Akureyrarbær, Hrísey: Dalverk ehf lauk í september framkvæmdum við sjóvarnir í Hrísey sem samið var um á síðasta ári. Byggður var 130 m langur sjóvarnargarður norðan hafnar, efnismagn um 2.000 m³, og suður á eyju við Varir var sjóvörn lengd um 70 m, efnismagn um 1.900 m³. Allt efnið var tekið úr námu í Hrísey. Heildargreiðsla til verktaka var 11,3 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 13,1 millj. kr.

Norðurþing: Boðin var út sjóvörn undir Bökkum sunnan Húsavíkurhafnar. Um er að ræða endurbyggingu á sjóvörn á um 320 m kafla, u.þ.b. 100 m norðan við Þorvaldsstaðaá og 220 m sunnan árinna. Efni í garðinn, um 4.900 m³, var tekið í Katlanámu. Samið var við Norðurtak ehf á Sauðárkróki sem bauð lægst í verkið. Framkvæmdir hófust í nóvember en lauk ekki fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 10,1 millj. kr.

Hornafljörður: Að fenginni umsögn hafnaráðs var samþykkt í apríl 2008 að veita allt að 4,6 millj. kr. af óskiptum lið til sjóvarna í sjóvarnargarð framan við innsiglingarmerki á Suðurfjöru. Að undangenginni verðkönnun var samið við Ólaf Halldórsson um gerð varnargarða framan við þrjú innsiglingarmerki innan á Suðurfjörutanga. Efni í garða, um 600 m³, var tekið í námu vestan Kolgrímu. Framkvæmdir hófust í lok árs, þeim lauk ekki á árinu.

Framkvæmdakostnaður: Kr. 200.000.

Vík í Mýrdal: Undirbúningsrannsóknum vegna fyrirhugaðrar sjóvarnar var fram haldið. Kannaðir voru möguleikar til grjótnáms í Eldgjárhrauni og á Sólheimabeiði. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða var að undangenginni verðkönnun fengið til að taka borkjarna á þessum stöðum en Jarðfræðistofan Stapi annaðist umsjón og úrvinnslu. Gerðar voru mælingar á landi þar sem sjóvörn er fyrirhuguð.

Framkvæmdakostnaður: 11,0 millj. kr.

Árborg: Í mars var boðin út sjóvörn á um 500 m kafla vestan Hraunsár og samið við lægstbjóðanda, Klæðningu ehf sem bauð 11,7 millj. kr. í verkið, 57,2% af áætlun. Undirverktaki var Glaumur ehf. Samið var um að verktaki ynni viðbótarverk sem fólst í að þrengja opið við Hraunsárós. Framkvæmdum lauk í ágúst. Efni í sjóvörnina, um 5.600 m³, var tekið úr námu við Hraun í Ölfusi.

Framkvæmdakostnaður: 19,4 millj. kr.

Grindavík: Óskaverk ehf lauk í mars framkvæmdum við sjóvarnargarða við Gerðistanga, Arfadalsvík og í Staðarbót samkvæmt verksamningi sem gerður var í október 2008.

Í september voru boðnar út sjóvarnir í Grindavík og Sandgerði. Verkið í Grindavík fólst í byggingu sjóvarnar á 183 m kafla við Buðlungu – Miðbæ. Samið var við lægstbjóðanda Víðimelsbræður ehf. Unnið var viðbótarverk sem fólst í að lengja sjóvörn við Litlubót um 30 m í átt að höfninni. Efni í garða, um 2.000 m³ var tekið úr námu í Eldvarpahrauni eldra. Framkvæmdum lauk í nóvember. Heildargreiðsla til verktaka varð 7 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 24,0 millj. kr.

Sandgerði: Í september var boðin út bygging sjóvarnar á 104 m kafla við Bursthús og 183 m kafla við Býjarsker – Hólshús ásamt sjóvörn í Grindavík. Verktaki var Víðimelsbræður ehf. Efni í garða, um 3.400 m³ var fengið úr Helguvíkurnámu. Framkvæmdum lauk í október. Heildargreiðsla til verktaka varð 5,6 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 6,8 millj. kr.

Gerðahreppur: Óskaverk ehf lauk í maí framkvæmdum við sjóvarnargarða á þrem stöðum samkvæmt verksamningi sem gerður var í október 2008. Við Útskálarif, á móts við Mannskaðaflös vestan Nesfisks og innan við Garðshöfn við H. Pétursson.

Framkvæmdakostnaður: 6,8 millj. kr.

Reykjanesbær: Óskaverk ehf lauk í júlí framkvæmdum við sjóvarnargarða á 153 m kafla við Hákotstanga samkvæmt verksamningi sem gerður var í október 2008. Ákveðið var að lengja vörnina um 191 m í átt að Kópu og var það verk unnið í framhaldi. Sótt var um að framlag í þetta viðbótarverk fengist á árinu 2010 samkvæmt samgönguáætlun 2009–2012 sem var í vinnslu. Framkvæmdakostnaður: 6,9 millj. kr.

Álftanes, svf: Boðin var út sjóvörn á 186 m kafla við Helguvík og 110 m kafla framan við Hlið. Samið var við Ellert Skúlason ehf um framkvæmdina en það fyrirtæki átti lægsta boð, 7,1 millj. kr. sem var 62% af kostnaðaráætlun. Við Helguvík fóru 1.830 m³ af grjóti og sprengdum kjarna í vörnina en 940 m³ við Hlið. Verktaki útvegaði efnið. Byrjað var á verkinu 26. október og lokaúttekt gerð 15. janúar 2010.

Framkvæmdakostnaður 6,2 millj. kr.

Seltjarnarnes: Í samgönguáætlun var gert ráð fyrir um 80 m sjóvörn við Lambastaðagrandu og vörn á 150 m kafla frá Melhúsabryggju austur fyrir Lambastaðavör. Verkið var boðið út og samið við Vélaleigu A.Þ. ehf sem átti lægsta boð, 77% af kostnaðaráætlun. Íbúar við Tjarnarstíg sættu sig ekki við framkvæmdir á síðar nefnda staðnum og töldu þær óþarfar. Vegna andstöðu íbúa var því hætt við sjóvörn þar og í stað þess ákveðið að fara í sjóvörn við golfvöll í átt að Búðatjörn. Sú framkvæmd var einnig á samgönguáætlun en ekki álitin jafn brýn og hinar tvær. Gerð var 285 m löng sjóvörn í Bakkavík við golfvöllinn og 78 m löng sjóvörn við Lambastaðagrandu – botn víkurinnar, sem tengir saman sjóvarnir sem fyrir eru. Heildarmagn af grjóti og kjarna sem fór í sjóvarnargarðana á þessum stöðum var 2.470 m³. Verktaki útvegaði efnið.

Framkvæmdakostnaður 11,4 millj. kr.

Framkvæmdir vegna tjónaviðgerða.

Strandabyggð.

Hólmavík: Lokið var uppgjóri við heimamenn vegna endurbyggingar grjótgarðs sem fram fór á árinu 2008. Veittur var tjónastyrkur úr B-deild hafnabótasjóðs til verksins.

Framkvæmdakostnaður var kr. 100.000.

Fjallabyggð.

Siglufljörður: Samið var við Tígur ehf sem vann að gerð sjóvarna á Siglufirði um að gera við grjótflláa milli Ingvarsbryggju og Togarabryggju. Samningsverð og heildargreiðsla til verktaka varð kr. 800.000. Veittur var tjónastyrkur til verksins úr B-deild hafnabótasjóðs.

Ólafsfjörður: Samið var við Árna Helgason ehf um að lagfæra skemmdir sem urðu á Vesturgarði Ólafsfjarðarhafnar í októberbriminu 2008. Bætt var í garðinn um 2.000 m³ af grjóti og hreinsað upp efni af botni sem kastast hafði inn fyrir garðinn. Veittur var tjónastyrkur til verksins úr B-deild hafnabótasjóðs.

Framkvæmdakostnaður: 9,1 millj. kr.

Dalvíkurbyggð.

Dalvík: Styrking grjótvarnar á Suðurgarði Dalvíkurhafnar átti að koma til framkvæmda á árinu samkvæmt samgönguáætlun 2007–2010 en vegna niðurskurðar hafði því verki verið frestað. Í októberbriminu 2008 skemmdist grjótvörnin og var kostnaður við viðgerð og endurbyggingu garðsins metinn á 28 millj. kr. Að fenginni umsögn hafnaráðs var samþykkt á fundi 9. janúar að veita tjónastyrk úr B-deild hafnabótasjóðs sem svaraði til allt að 75% af þeirri upphæð að frádregnum vsk. Á árinu var unnið að hönnun og undirbúningi verksins.

Hauganes: Skemmdir urðu á grjótvörn skjólgarðs í briminu í lok október 2008 og samkvæmt tillögu hafnaráðs var samþykkt að veita tjónastyrk allt að 1,6 millj. kr. úr B-deild hafnabótasjóðs til að lagfæra skemmdirnar. Samið var við Dalverk ehf um viðgerðina og lauk því verki á fyrri hluta ársins.

Framkvæmdakostnaður: 1,3 millj. kr.

Sveitarfélagið Ölfus.

Tunna á enda Suðurgarðs hefur látið verulega á sjá í óveðrum undanfarin ár og samkvæmt athugun starfsmanna Siglingastofnunar var talið að viðgerðarkostnaður gæti numið um 14 millj. kr. Samkvæmt tillögu hafnaráðs var samþykkt á fundi 9. janúar að veita tjónastyrk úr B-deild hafnabótasjóðs sem næmi allt að 75% af þeirri upphæð. Samið var við Köfunarþjónustuna ehf um viðgerðina og fór hún fram í ágúst - september.

Framkvæmdakostnaður: 8,9 millj. kr.

Töflur.

Tafla I. Kostnaður við hafnaframkvæmdir 2009 (fjárhæðir í millj. kr.)

6.70 Almennar hafnir					
Staður	Verkefni	Styrkhlutf.	Heildarkostn.	Styrkhæft	Ríkishluti
I. Innan grunnnets					
Af óskiptu fé til slysavarna	Stykkishólmur, stigar og neyðarlýsing í Skipavikurhöfn.	60%	0,8	0,7	0,4
Viðhaldsdýpkanir (og skjólgarðar)	Stykkishólmur, breyting á ferjuaðstöðu.	60%	0,8	0,6	0,4
	Hornafjörður viðhaldsdýpkun.	75%	19,2	15,5	11,6
	Vestmannaeyjar, viðhaldsdýpkun.	75%	2,3	1,8	1,4
	Þorlákshöfn, viðhaldsdýpkun.	75%	0,7	0,6	0,4
Snæfellsbær	Ólafsvík, endurbygging trébryggju.	60%	1,7	1,3	0,8
	Ólafsvík, stofndýpkun í höfn.	75%	0,1	0,1	
	Ólafsvík, lenging viðlegukants við Norðurtanga.	60%	7,7	6,2	3,7
	Ólafsvík, trébryggja við gafl Norðurkants.	60%	8,4	6,7	4,0
	Ríf, lýsing við núverandi flotbryggju.	60%	0,3	0,2	0,1
	Ríf, stofndýpkun í innsiglingu og höfn.	75%	1,9	1,6	1,2
	Ríf, lenging stálþils, austurkants.	60%	47,6	38,2	22,9
	Ríf, grjótgardur við Tösku og sandfangari.	75%	76,0	61,1	45,8
Grundarfjörður	Dýpkun hafnar.	75%	4,3	3,4	2,6
	Ný bryggja sunnan Litlubryggju.	60%	1,0	0,8	0,5
	Flotbryggja.	60%	0,2	0,2	0,1
	Óldudempanði flái vestan Miðgarðs.	60%	12,8	10,3	6,2
	Ríf á Litlubryggju.	60%	4,6	3,7	2,2
Vesturbbyggð	Brjánslækur, lenging ferjubryggju.	60%	17,5	14,0	8,4
	Patreksfjörður, endurbygging stálþils.	60%	9,6	7,7	4,6
Bolungarvík	Endurbygging stálþils.	60%	57,3	46,0	27,6
Ísafjarðarbær	Ísafjörður, hluti stálþils Mávagarðs flutt á Suðureyri.	60%	-21,2	-17,1	-10,2
Skagafjörður	Sauðárkrókur, bygging skjólgarðs frá Strandvegi.	75%	70,0	56,2	42,2
Fjallabyggð	Siglufjörður, niðurrif SR-bryggju.	60%	0,5	0,4	0,2
	Ólafsfjörður, endurbygging og frágangur garðsenda.	75%	19,8	15,9	11,9
Dalvíkurbyggð	Dalvík, endurröðun og styrking grjótvarnar á Suðurgarði.	75%	0,2	0,1	0,1
	Dalvík, endurbygging timburbryggju við Suðurgarð.	60%	0,1	0,1	0,1
	Dalvík, ferjubryggja, stálþil, lagnir og þekja.	60%	52,3	42,0	25,2
	Dalvík, dýpkun út af ferjubryggju.	75%	13,1	10,5	7,9
Hafnasamlag Norðurlands	Grimsey, lenging harðviðarbyggju.	60%	12,7	10,2	6,1
	Grimsey, dýpkað við lengingu harðviðarbyggju.	75%	4,0	3,2	2,4
	Grimsey, lenging nyrðriskjólgarðs bátahafnar.	75%	2,0	1,6	1,2
	Grimsey, skutaðstaða fyrir ferjur.	60%	9,2	7,4	4,4
	Grimsey, færsla á landgarði og dýpkun.	75%	2,8	2,2	1,7
	Akureyri, Tangabryggja.	60%	39,1	31,4	18,9
Norðurþing	Akureyri, Oddeyrarbyggja.	60%	13,0	10,5	6,3
	Endurbygging Suðurgarðs, 2. áfangi.	60%	1,9	1,6	0,9
Langanesbyggð	Húsavík, fyrirhuguð álvershöfn.	100%	13,8	11,1	11,1
	Þórshöfn, stálþil.	60%	3,4	2,7	1,6
	Þórshöfn, endurbygging löndunarbyggju.	60%	0,1	0,1	0,1
Vopnafjörður	Þórshöfn, endurbygging hafskipabryggju.	60%	75,5	60,6	36,4
	Stofndýpkun í innsiglingu.	75%	0,8	0,6	0,5
Seyðisfjörður	Endurbygging trébryggju við frystihús.	60%	0,2	0,1	0,1
Fjarðabyggð	Neskaupstaður, lenging togarabryggju.	60%	0,7	0,5	0,3
	Reyðarfjörður, stálþilsbakki við Hraun.	60%	1,7	1,4	0,8
	Mjólfjörður, styrkja og endurbyggja trébryggju.	60%	5,4	4,3	2,6
	Reyðarfjörður, hafnsögubátur fyrir Stóriðjuhöfn.	75%	1,5	1,5	1,1
Hornafjörður	Bryggja við Álaugarey, stálþil.	60%	70,8	56,9	34,1

Vestmannaeyjar	Básaskersbryggja endurbygging. Bæjarbryggja endurbygging.	60% 60%	16,1 6,8	13,0 5,4	7,8 3,3
Sveitarfélagið Ölfus	Dýpkun og dæling. Þil norðan Svartaskers.	75% 60%	-1,5 0,6	-1,2 0,5	-0,9 0,3
Grindavík	Stálþílsbryggja vestan Miðgarðs.	60%	29,8	23,9	14,4
Alls innan grunnnets			720,1	578,7	377,8
II. Utan grunnnets					
Af óskiptu fé til slysavarna	Hvammstangi, endurgerð flotbryggju. Arnarstapi, viðhaldsdýpkun. Raufarhöfn, ný innsiglingarbauja og aftari leiðarmerki.	60% 75% 75%	0,9 3,2 0,3	0,7 2,6 0,2	0,4 1,9 0,2
Viðhaldsdýpkanir	Reykhólar, dýpkun innan hafnar.	75%	2,0	1,6	1,2
Dalabyggð	Búðardalur, endurbygging gömlu bryggju.	60%	-0,1	-0,1	0,0
Reykholahreppur	Reykholar, dýpkun innsiglingar.	75%	3,6	2,9	2,1
Ísafjarðarbær	Þingeyri, rif á gömlu trébryggjunni. Þingeyri, dýpkun í smábátahöfn. Suðureyri, endurbygging stálþíls löndunarbryggju. Flateyri, endurnýjun og lenging flotbryggju.	60% 75% 60% 60%	3,2 0,5 21,4 0,2	2,6 0,4 17,2 0,2	1,6 0,3 10,3 0,1
Árneshreppur	Norðurfjörður, uppsátur fyrir smábáta.	60%	3,9	3,9	2,3
Strandabyggð	Hólmavík, endurbygging stálþíls frá 1961. Hólmavík, grjótvörn á vesturkant stálþíls.	60% 75%	0,0 7,0	0,0 5,6	0,0 4,2
Dalvíkurbyggð	Hauganes, lenging skjólgarðs.	75%	0,3	0,2	0,2
Langanesbyggð	Bakkafjörður, námufrágangur.	60%	1,0	0,8	0,5
Fjarðabyggð	Stöðvarfjörður, klæðning gömlu bryggju.	60%	4,6	3,7	2,2
Alls utan grunnnets			52,2	42,7	27,6
Alls fjárlagaliður 6.70			772,3	621,4	405,5
6.72 Landeyjahöfn	Ferjuhöfn.	100%	1.557,2	1.557,2	1.557,2
6.73 Tollaðstaðan Seyðisfirði	Stækkun tollaðstöðu.	100%	18,8	15,1	15,1
6.74 Lendingarbætur	Búðir og Hellnar, Snæfellsbær. Flatey Breiðafirði, smábátaaðstaða. Staður á Reykjanesi, Breiðafirði. Gjögur, Karlshöfn. Gjögur krani / bryggja Árneshreppur. Selsvör við Bæ í Steingrímsfirði. Selvík á Skaga. Reykir á Reykjaströnd.	100% 100% 100% 100% 100% 100% 100%	1,6 1,0 2,4 0,2 3,1 3,0 0,5 2,5	1,3 0,8 1,9 0,2 2,5 2,4 0,4 2,0	1,3 0,8 1,9 0,2 2,5 2,4 0,4 2,0
6.74 Lendingarbætur alls			14,3	11,5	11,5
6.76 Ferjubryggjur	Vigur ferjubryggja. Flatey ferjubryggja.	100% 100%	0,1 14,3	0,1 14,3	0,1 14,3
6.76 Ferjubryggjur alls			14,4	14,4	14,4
6.81 Vestmannaeyjaferja	Vestmannaeyjaferja	100%	5,9	5,9	5,9
III. Tjónaviðgerðir					
Hólmavík	Endurbygging grjótgardis.	90%	0,1	0,1	0,1
Fjallabyggð.	Siglufjörður, lagfæra skemmdir á garði. Ólafsfjörður, lagfæra skemmdir á Vesturgarði.	100% 100%	0,9 8,2	0,7 6,6	0,7 6,6
Dalvíkurbyggð.	Dalvík, lagfærðar skemmdir á Suðurgarði. Dalvík, viðgerð á garði á Hauganesi.	75% 100%	1,4 2,0	1,1 1,6	0,9 1,6
Sveitarfélagið Ölfus.	Viðgerð á tunnu í Þorlákshöfn.	75%	8,9	7,2	5,4
Alls tjónaviðgerðir			21,6	17,3	15,2

Tafla II. Verk sem lauk árið 2009 á meðalverðlagi ársins 2009.
(Ríkisluti framkvæmda í milljónum kr.).

	Skv. samgönguáætlun				Samtals	Verkuppgjör				Samtals
	2006	2007	2008	2009		2006	2007	2008	2009	
6.70 Almennar hafnir	487,8	961,6	342,1	204,5	1.996,0	426,7	596,5	489,7	185,2	1.694,0
Snæfellsbær		1,3			1,3	9,6	7,1		0,8	17,5
	14,5	31,8			46,2		22,3	18,7		41,1
	20,4	5,0			25,4		11,3	12,7	3,7	27,7
	11,4	1,8		6,6	19,9		1,6	15,2	4,0	20,9
	2,9				2,9			1,5	0,1	1,6
		90,9			90,9	12,5	36,6	25,4	1,2	75,6
		46,4		20,9	67,3		32,2	10,3	22,9	65,4
Grundarfjörður		7,6			7,6	0,7	0,2	3,8	2,6	7,3
	64,2	73,3			137,4	42,7	47,7	19,5	0,5	110,3
			3,5	6,1	9,6			0,2	6,2	6,3
				2,8	2,8				2,2	2,2
Dalabyggð		3,2			3,2		0,2	3,1		3,3
Reykholahreppur		12,3			12,3		1,2	11,5	2,1	14,8
Vesturbbyggð		29,8		5,3	35,1		21,3	15,3	8,4	45,0
Ísafjarðarbær	29,0	52,6			81,6	27,7	34,5	7,7		69,9
		3,8			3,8			1,7		3,3
								3,4		3,7
			24,4		24,4			0,5	10,3	10,8
								7,1		7,3
Árneshreppur		2,6		3,3	5,9			3,4	2,3	5,7
Skagafjörður			72,9	48,4	121,3		0,1	27,6	42,2	69,8
Fjallabyggð		16,2	10,0		26,2		0,4	15,9	0,2	16,5
				19,9	19,9			0,5	11,9	12,4
Dalvíkurbyggð				9,6	9,6				7,9	7,9
			9,0		9,0		0,7	10,3	0,2	11,2
Hafnasamlag		12,9		11,6	24,5		0,4	2,1	6,1	9,1
Norðurlands		4,3			4,3		0,1	0,1		0,2
				4,8	4,8				3,6	3,6
		22,4			22,4		0,9	27,7	1,7	30,2
Norðurþing		38,1			38,1		2,0	1,7	0,9	4,6
			80,6	24,4	105,0			27,6	11,1	38,7
Langanesbyggð		9,5			9,5			16,4		16,4
		1,7			1,7			0,1	0,5	0,6
Vopnafjörður		45,7	92,0		137,8		60,4	67,7	0,5	128,6
Seyðisfjörður		3,6			3,6	22,4	0,9	2,0		25,4
Fjarðabyggð	116,3	0,9			117,3	61,5	3,6	0,5	0,8	66,5
		5,5			5,5	0,1	0,2	3,9		4,2
		4,7		2,7	7,4		0,1	2,2	2,6	4,8
		173,9			173,9	25,4	145,0	0,6	1,1	172,0
			2,9		2,9			0,2	2,2	2,4
Hornafjörður		67,3	27,8	41,4	136,5		33,5	32,4	34,1	100,1
Vestmannaeyjar	57,8	52,3	38,8		148,9	38,2	47,4	28,2	7,8	121,6
Sveitarfélagið Ölfus	73,1	33,3			106,5	87,3	24,8	13,9	-0,9	125,2
	35,6	60,7			96,3	65,8	49,1	7,8	0,3	123,0
	59,3				59,3	31,0	0,4	6,1		37,5
	3,3	5,1			8,5	1,3	1,0			2,4
Grindavík		64,3	16,5		80,8		8,6	73,4		82,1
6.73 Tollaðstaðan á Seyðisfirði			94,8	10,0	104,8		0,3	79,3	15,1	94,7

Tafla III. Kostnaður við sjóvarnir 2009 (fjárhæðir í millj. kr.)

Staður	Heildar- kostnaður	Ríkisluti 7/8 hlutar
Hvalfjarðarsveit	8,7	7,6
Snæfellsbær	22,2	19,4
Stykkishólmur	2,3	2,0
Reykholahreppur	5,1	4,4
Vesturbyggð	6,7	5,9
Isafjarðarbær	10,5	9,2
Súðavíkurreppur	0,3	0,3
Árneshreppur	0,8	0,7
Blönduós	19,1	16,7
Fjallabyggð	19,0	16,6
Dalvíkurbyggð	9,7	8,5
Akureyri (Hrísey)	13,1	11,5
Norðurþing	10,1	8,9
Hornafjörður svf.	0,2	0,2
Mýrdalshreppur	11,0	9,6
Árborg svf.	19,4	17,0
Grindavík	24,0	21,0
Sandgerði	6,8	5,9
Gerðahreppur	6,8	5,9
Reykjanesbær	6,9	6,1
Áltanes svf.	6,2	5,4
Seltjarnarnes	11,4	10,0
Samtals	220,4	192,8
Fjárveitingar til sjóvarna 2009		63,6
Ónýttar fjárheimildir frá 2008		154,3
Fluttar fjárheimildir til 2010		25,1

Tafla IV. Staða ríkissjóðs vegna hafnagerðar 2009 (millj. kr.).

Fjárli. .	Höfn	Sérstök tilfærsla og lokafjárlög		Fjárlög	Ríkisluti framkvæmda	Flutt til
		2009	2009			
6.70	Hafnabótasjóður					
	Snæfellsbær	9,4	16,5	58,1	78,7	5,3
	Grundarfjörður	18,3	-4,2		11,6	2,5
	Búðardalur	0,4	-0,4			
	Reykhólar	0,2	-1,9	3,9	2,1	
	Vesturbyggð	3,0	0,5	64,9	13,0	55,4
	Táknafjörður	1,9	-1,9			
	Bolungarvík	16,8	-17,0	30,7	27,6	2,9
	Ísafjarðarbær	51,3	-49,5		2,1	-0,3
	Súðavík	0,1	-0,1			
	Norðurfjörður	0,9		3,3	2,3	1,9
	Hólmavík	21,7	-26,6	12,0	4,2	2,8
	Skagaströnd	14,5	-14,5			
	Skagaafjörður	39,7	-45,9	48,4	42,2	
	Fjallabyggð	7,5	-15,2	19,9	12,1	
	Dalvíkurbær	15,2	-3,5	29,6	33,4	7,9
	Grimsey	14,6	-17,7	22,8	15,8	3,9
	Hafnasamlag Norðurlands	41,6	-37,6	21,1	25,1	
	Norðurþing	-83,5	75,6	20,0	12,0	
	Langanesbyggð	5,3	-1,3	40,0	38,6	5,4
	Vopnafjörður	6,2	-5,7		0,5	
	Borgarfjörður	0,2	-0,2			
	Seyðisfjörður	18,7			0,1	18,6
	Fjarðabyggð	3,8	0,6	2,7	7,1	
	Djúpivogur	1,1	-1,1			
	Hornafjörður	15,1	19,3		34,1	0,3
	Vestmannaeyjar	27,8	-17,1	3,3	11,0	2,9
	Þorlákshöfn	-46,2	45,7		-0,6	
	Grindavík	-153,2	176,5		14,4	8,9
	Sandgerði	13,0	-13,0			
	Óskipt til viðhaldsdýpka/ skjólgarða	52,5	-82,3	1,0	16,9	-45,7
	Óskipt til slysavarna	50,8	-48,7	0,9	1,0	2,0
	Samt. 6.70	168,5	-70,9	382,6	405,5	74,6
	Framlag til B deildar Hafnarbótasjóðs	200,0	-200,0			
6.72	Landeyjahöfn	861,1	2,4	770,1	1.557,2	76,4
6.73	Tollaðstaðan á Seyðisfirði	13,2	-7,8	10,0	15,1	0,4
6.74	Lendingabætur	13,3	-4,4	7,5	11,5	4,8
6.76	Ferjubryggjur	9,6		12,3	14,3	7,6
6.81	Vestmannaeyjaferja	66,5	-60,5		5,9	0,1
	Samtals:	1.332,1	-341,2	1.182,5	2.009,5	163,9

Tafla V. Fjárveitingar til hafnaframkvæmda 2009 (millj. kr.).

6.70	Almennar hafnir	382,6
6.72	Landeyjahöfn	770,1
6.73	Tollaðstaðan á Seyðisfirði	10,0
6.74	Lendingabætur	7,5
6.76	Ferjubryggjur	12,3
	Samtals	1.182,5

Tafla VI. Úthlutanir hafnarbótasjóðs 2009.

<i>Styrkir til nýframkvæmda</i>	
Staður	Upphæð
Dalabyggð.	1.000.000
Reykholahreppur.	1.000.000
Vesturbyggð.	24.000.000
Tálknafjörður.	600.000
Bolungarvík.	7.700.000
Súðavíkurhreppur.	400.000
Árneshreppur / Norðurfjörður.	700.000
Strandabyggð / Hólmavík.	2.400.000
Húnaþing vestra / Hvammstangi.	700.000
Fjallabyggð / Siglufjörður.	6.300.000
Dalvíkurbyggð (ferjuaðstaða).	6.900.000
Grimseyjarhreppur.	3.000.000
Norðurþing / Raufarhöfn.	400.000
Langanesbyggð / Þórshöfn og Bakkafjörður.	13.500.000
Seyðisfjörður.	4.900.000
Fjarðabyggð / Mjólfjörður	700.000
Samtals kr.	74.200.000
<i>Tjónastyrkir</i>	
Staður	Upphæð
Fjallabyggð (Siglufjörður).	800.000
Fjallabyggð (Ólafsfjörður).	8.000.000
Dalvíkurbyggð (Dalvík).	16.900.000
Dalvíkurbyggð (Hauganes).	1.600.000
Þorlákshöfn.	8.500.000
Samtals kr.	35.800.000
Styrkir alls kr:	110.000.000

Lán
Engin lán voru veitt á árinu.

Tafla VII. Fjárveitingar til sjóvarna 2009 (fjárlagaliður 10-335 með fjárveitingum ársins og ónotuðum fjárheimildum í upphafi árs),

Sveitarfélag	Upphæð í kr.
Hvalfjarðarsveit	7.500.000
Snæfellsbær	21.700.000
Stykkishólmur	1.800.000
Reykholahreppur	5.600.000
Vesturbyggð	4.000.000
Ísafjarðarbær	11.800.000
Súðavíkurhreppur	200.000
Árneshreppur	700.000
Blönduósibær	16.100.000
Fjallabyggð	24.000.000
Dalvíkurbyggð	7.700.000
Akureyrarkaupstaður (Hrísey, Grímsey)	12.500.000
Norðurþing (Húsavík, Kópasker, Raufarhöfn)	12.800.000
Hornafjörður svf.	5.300.000
Mýrdalshreppur	7.000.000
Árborg, svf.	23.500.000
Grindavíkurkaupstaður	15.600.000
Sandgerðisbær	8.000.000
Gerðahreppur	6.000.000
Reykjanesbær	4.400.000
Álftanes, svf.	16.400.000
Seltjarnarnes	4.900.000
Óskipt	400.000
Samtals	217.900.000

Tafla VIII. Sjóvarnir sem lokið var við árið 2009 á meðalv. 2009
(Ríkisluti framkvæmda í millj. kr.)

Sveitafélag	Siglingamálaáætlun				Verkuppgjör			
	(Verðlag framreiknað til 2009)				(Verðlag framreiknað til 2009)			
	2007	2008	2009	Samtals	2007	2008	2009	Samtals
Reykholahreppur (Flatey, vörn vestan bryggju)			6,0	6,0			4,4	4,4
Vesturbyggð (Brunnar Hvallátrum)		6,0		6,0		1,3	5,9	7,1
Ísafjarðarbær (Þingeyri, innan smábátahafnar/ Ísafj. Sigurðarbúð)			12,7	12,7		0,6	9,2	9,8
Blönduós (Sunnan Blöndu, neðan Brekkubyggðar)		19,9		19,9		0,2	16,7	16,9
Fjallabyggð (Hafnarbryggja - Óskarsbryggja/ Hvanneyrarkrókur)	22,8			22,8		6,6	16,6	23,2
Akureyri (Hrísey, norðan hafnar og við Varir)	14,6			14,6		0,5	11,5	12,0
Árborg svf. (Eyrarbakki, Hraunsá - Hraunsnef og þrengja op við Hraunsá)			25,7	25,7			17,0	17,0
Grindavík (Arfadalsvík - Staðarbót/Buðlunga og Miðbær)	15,1		5,8	20,9		1,6	21,0	22,6
Sandgerði (Bursthús og Þýjasker - Hólshús)			7,5	7,5			5,9	5,9
Gerðahreppur (Við Útskálarif, Mannskaðafliós og innan við Garðshöfn)		6,7		6,7		1,2	5,9	7,1
Seltjarnarnes (Lambastaðagrandi og Búðatjörn - Svörtubakkar)		7,6		7,6			10,0	10,0
Samtals	52,6	40,2	57,7	150,5	0,0	11,9	124,1	136,0